# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 295/2008** **2015/EES/46/01**

**frá 11. mars 2008**

**um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja**

**(endurútgefin)** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt umtalsvert ([4]). Þar eð nú er verið að gera frekari breytingar á reglugerðinni er æskilegt, til glöggvunar og hagræðingar, að endurútgefa viðkomandi ákvæði.

2) Með reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 var settur sameiginlegur rammi um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Bandalaginu.

3) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2367/2002/EB frá 16. desember 2002 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2003 til 2007 ([5]) var samþykkt áætlun sem tók mið af forgangsröðun við stefnumótun Bandalagsins í efnahags- og peningamálum, stækkun Evrópusambandsins og samkeppnishæfni, byggðastefnu, sjálfbærri þróun og framkvæmdaáætlun um félagsmál. Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja eru mikilvægur hluti þessarar áætlunar.

4) Reglugerð þessi ætti að kveða á um að hagskýrslur verði áfram notaðar til stuðnings ákvörðunum í núverandi málaflokkum og að uppfylla viðbótarkröfurnar sem koma upp vegna nýs stefnumótandi frumkvæðis Bandalagsins, og vegna stöðugrar endurskoðunar forgangsatriða í hagskýrslum til að nýta tiltæk úrræði sem best og takmarka svarbyrði. Beina skal sérstakri athygli að áhrifunum sem stefna Bandalagsins í orku- og umhverfismálum, eins og felst í efnareglugerðinni (REACH) (EB) nr. 1907/2006 ([6]), hefur á fyrirtæki. Hvetja ætti til samvinnu og miðlunar bestu starfsvenja milli hagstofa aðildarríkja í Sambandinu til að tryggja skilvirkari notkun stjórnsýslugagna.

5) Aukin þörf er á gögnum um þjónustustarfsemi, einkum viðskiptaþjónustu. Þörf er á hagskýrslum fyrir efnahagslega greiningu og mótun stefnu um hver sé öflugasti geirinn í hagkerfum nútímans, einkum varðandi möguleikann á vexti og atvinnusköpun. Á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 var lögð áhersla á mikilvægi þjónustustarfsemi. Mæling á veltu, eftir sundurliðuðum þjónustuvörum í viðskiptum, er nauðsynleg forsenda rétts skilnings á þjónustustarfsemi í hagkerfinu. Á fundi leiðtogaráðsins í Stokkhólmi 23. og 24. mars 2001 var niðurstaðan sú að stofnun skilvirks innri markaðar fyrir þjónustustarfsemi væri eitt af helstu forgangsatriðum Evrópu. Hagskýrslur eftir sundurliðuðum þjónustuvörum í viðskiptum yfir landamæri eru mikilvægar til að fylgjast með starfsemi innri markaðarins varðandi þjónustustarfsemi, úttekt á samkeppnishæfni þjónustustarfsemi og mat á áhrifum hindrana á þjónustuviðskipti.

6) Þörf er á gögnum um lýðfræði fyrirtækja, einkum vegna þess að þau eru þáttur í grunnhagvísum sem komið var á fót til að fylgjast með árangrinum sem varðar markmiðin sem sett eru fram í Lissabon-áætluninni. Einnig er þörf á samræmdum gögnum um lýðfræði fyrirtækja og á áhrif þeirra á atvinnumál til að færa sönnur á tilmæli um stefnu til að styðja við frumkvöðlastarfsemi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 79, 18.12.2008, s. 24.

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 78.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 29. mars 2007 (Stjtíð. ESB C 27 E, 31.1.2008, bls. 139) og ákvörðun ráðsins frá 14. febrúar 2008.

([3]) Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Sjá X. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 358, 31.12.2002, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 787/2004/EB (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 396 30.12.2006, bls. 1) með leiðréttingum samkvæmt Stjtíð. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3). Reglugerðinni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1354/2007 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 1).

7) Einnig er þörf á sveigjanlegum úrræðum innan hagskýrslurammans sem getur leitt til skjótra og tímanlegra viðbragða til að finna þarfir notenda sem leiða í auknum mæli af öflugum, nýjum og flóknum einkennum þekkingarhagkerfisins. Tenging slíkrar sérstakrar gagnasöfnunar við samfellda söfnun gagna um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja getur bætt auknu virði við upplýsingar sem er safnað saman í báðum könnunum og gæti lækkað heildarbyrði á svarendur með því að koma í veg fyrir tvítekningu gagnasöfnunar.

8) Nauðsynlegt er að kveða á um ráðstafanir vegna samþykktar mælinga við framkvæmd þessarar reglugerðar til að gera mögulegt að skýra nánar reglur fyrir söfnun og tölfræðilega úrvinnslu gagna og til að vinna og afhenda niðurstöður.

9) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma þessa reglugerð í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([7]).

10) Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hafa vald til að uppfæra skrána um könnunaratriðin í viðaukunum, ákvarða samantektartíðni hagskýrslna, reglur um flöggun gagna sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga (CETO), fyrsta viðmiðunarár samantektar og sundurliðunar niðurstaðna, einkum flokkun sem á að nota og samsetning stærðarflokka, uppfæra tímabil vegna afhendingar gagna, aðlaga sundurliðun aðgerða og vara til að breyta eða endurskoða atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) og vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA), samþykkja ráðstafanir á grunni mats á forkönnunum, breyta lægri mörkum á viðmiðunarþýði í VIII. viðauka og koma á viðmiðun á gæðamati. Samþykkja ber þessar ráðstafanir í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB þar eð þær eru almenns eðlis og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum og veigalitlum atriðum.

11) Bandalagið getur samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans þar eð aðildarríkin geta ekki hvert í sínu lagi náð til fulls markmiðum þessarar reglugerðar sem eru að afla samræmdra gagna um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Bandalaginu, og markmiðin nást þar af leiðandi betur á vettvangi Bandalagsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

([7]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Efni**

Með reglugerð þessari er komið á fót sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og úttekt á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Bandalaginu.

Tilgangurinn með samantekt hagskýrslna er einkum að greina:

a) skipulag og þróun á starfsemi fyrirtækja,

b) framleiðsluþætti sem eru notaðir og aðra þætti sem greiða fyrir mælingu á atvinnustarfsemi, samkeppnishæfni og afkomu,

c) svæðisbundna og landsbundna þróun fyrirtækja og markaða og einnig í Bandalaginu og á alþjóðavettvangi,

d) viðskiptahætti,

e) lítil og meðalstór fyrirtæki og

f) sértæk könnunaratriði fyrirtækja sem varða ákveðna sundurliðun á starfsemi.

*2. gr.*

**Gildissvið**

1. Reglugerð þessi tekur til allrar markaðsstarfsemi sem er tilgreind í bálkum B til N og P til S í sameiginlegu atvinnugreinaflokkuninni Evrópubandalaganna sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1893/2006 (hér á eftir nefnd NACE, 2. endursk.).

2. Fella skal hagskýrslueiningar af tegundunum, sem skráðar eru í I. þætti í viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins ([8]) og eru flokkaðar undir einni starfseminni sem um getur í 1. málsgrein, inn í gildissvið þessarar reglugerðar. Notkun sérstakra eininga við samantekt hagskýrslna er tilgreind í viðaukunum við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Einingar**

1. Flokka skal hagskýrslurnar, sem taka á saman fyrir svæði sem um getur í 1. gr., í einingar.

([8]) Stjtíð. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

2. Í reglugerð þessari skulu einingarnar vera:

a) sameiginleg eining fyrir árlegar grunnhagtölur um skipulag fyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í I. viðauka,

b) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um skipulag iðnfyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í II. viðauka,

c) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um skipulag verslunarfyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í III. viðauka,

d) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um skipulag fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, eins og þær eru skilgreindar í IV. viðauka,

e) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um skipulag vátryggingarfyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í V. viðauka,

f) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um lánastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í VI. viðauka,

g) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um lífeyrissjóði, eins og þær eru skilgreindar í VII. viðauka,

h) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um fyrirtæki í viðskiptaþjónustu, eins og þær eru skilgreindar í VIII. viðauka,

i) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um lýðfræði fyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í IX. viðauka,

j) sveigjanleg eining fyrir framkvæmd tilgreindrar og takmarkaðrar sérstakrar gagnasöfnunar um könnunaratriði fyrirtækja.

3. Mæla skal fyrir um eftirfarandi upplýsingar í hverri einingu:

a) taka á saman hagskýrslur um alla starfsemi sem fellur undir gildissviðið sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr.,

b) hvaða gerðir hagskýrslueininga ber að nota við samantekt hagskýrslna úr skránni yfir hagskýrslueiningar sem um getur í 2. mgr. 2. gr.,

c) skrár yfir könnunaratriðin sem taka á saman hagskýrslur um fyrir sviðin sem um getur í 1. gr. og viðmiðunartímabilin fyrir þessi könnunaratriði,

d) hversu oft hagtölur eru teknar saman, sem skal vera annaðhvort árlega eða á nokkurra ára fresti. Ef á nokkurra ára fresti skal samantekt fara fram á a.m.k. tíu ára fresti,

e) tímaáætlun sem sýnir fyrstu viðmiðunarárin sem taka ber saman hagskýrslur um,

f) staðlana varðandi dæmigert mat og gæðamat,

g) tímabilið sem hefst við lok viðmiðunartímabilsins innan hvers afhenda ber hagskýrslurnar,

h) leyfð hámarkslengd umbreytingartímabilsins.

4. Áætla skal notkun sveigjanlegrar einingar, sem vísað er til í k-lið 2. málsgreinar, í náinni samvinnu við aðildarríki. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða gildissvið hennar, skrá yfir könnunaratriði, viðmiðunartímabil, starfsemi sem náð verður og gæðakröfur að lágmarki 12 mánuðum fyrir upphaf viðmiðunartímabilsins, til samræmis við reglunefndarmeðferð sem vísað er til í 2. mgr. 12. gr. Framkvæmdastjórnin skal einnig tilgreina þörf fyrir upplýsingar og áhrif gagnasöfnunar með tilliti til byrði á fyrirtæki og kostnaðar aðildarríkjanna.

Takmarka skal stærð gagnasöfnunar við að hámarki 20 könnunaratriði fyrirtækja eða spurningar, við að hámarki 25 000 svarandi fyrirtæki innan Evrópusambandsins og hámarks meðaltíma einstakra svara við 1,5 klst. til að takmarka byrði á fyrirtæki og kostnað aðildarríkja. Sérstök gagnasöfnun skal innihalda lýsandi fjölda aðildarríkja. Framkvæmdastjórnin getur sett upp evrópska úrtökuaðferð til að tryggja lágmarksbyrði og -kostnað þegar einungis er þörf fyrir niðurstöður á evrópskum vettvangi.

Framkvæmdastjórnin getur að hluta til fjármagnað kostnað við sérstaka gagnasöfnun með því að nota viðurkenndar málsmeðferðarreglur.

*4. gr.*

**Forkannanir**

1. Framkvæmdastjórnin skal hefja röð forkannana og aðildarríkin framkvæma þær að eigin frumkvæði, eins og tilgreint er í viðaukunum. Framkvæmdastjórnin skal veita heimildir til innlendra yfirvalda í skilningi 2. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([9]), í kjölfar auglýsingar eftir tillögum.

2. Framkvæma skal forkannanirnar til að meta mikilvægi og hagkvæmni við söfnun gagna. Framkvæmdastjórnin skal meta niðurstöður forkannana með tilliti til ávinnings af því að gögnin séu tiltæk, með tilliti til kostnaðarins við söfnun þeirra og byrði á fyrirtæki af þeim sökum.

3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður forkannananna.

4. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana á grundvelli mats á forkönnununum í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

([9]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

*5. gr.*

**Öflun gagna**

1. Aðildarríki skulu afla nauðsynlegra gagna til að fylgjast með könnunaratriðunum í skránum sem um getur í einingunum í 3. gr.

2. Aðildarríkin geta aflað nauðsynlegra gagna með því að tengja saman mismunandi heimildir sem eru tilgreindar hér að neðan og beita til þess grundvallarreglunni um einföldun stjórnsýslu:

a) skyldukannanir: lögformlegu einingunum, sem tilheyra eða eru settar saman úr hagskýrslueiningunum sem aðildarríkin kalla eftir, ber skylda til að láta í té nákvæmar og ítarlegar upplýsingar innan tilskilins frests,

b) aðrar heimildir, sem eru að minnsta kosti jafngildar að því er varðar nákvæmni og gæði,

c) tölfræðilegar matsaðferðir, þar sem sumum könnunar-atriðunum hefur ekki verið fylgt fyrir allar einingarnar.

3. Innlend yfirvöld og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skulu, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin setur með hliðsjón af valdheimildum þessara aðila, hafa aðgang að stjórnsýslugögnum hver á eigin sviði opinberrar stjórnsýslu til að draga úr svarbyrði, að því marki sem þessi gögn eru nauðsynleg til að uppfylla nákvæmniskröfurnar sem um getur í 6. gr. Einnig skal, þar sem það er mögulegt, nota viðeigandi stjórnsýslugögn til að uppfylla upplýsingaskyldu þessarar reglugerðar.

4. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, með hliðsjón af valdsviði þessara aðila, stuðla að aukinni notkun rafræns gagnaflutnings og meiri sjálfvirkni í gagnavinnslu.

*6. gr.*

**Nákvæmni**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að innsend gögn endurspegli þýðissamsetningu hagskýrslueininganna, sem mælt er fyrir um í viðaukunum.

2. Fara skal fram gæðamat þar sem ávinningurinn af því að hafa gögnin til reiðu er borinn saman við söfnunarkostnað og byrði fyrirtækja, einkum lítilla fyrirtækja.

3. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar vegna matsins sem um getur í 2. málsgrein.

*7. gr.*

**Samanburðarhæfi**

1. Aðildarríkin skulu afhenda samanburðarhæfar niður-stöður frá gögnum sem safnað var og voru metin í kjölfar sundurliðunarinnar sem mælt er fyrir um fyrir hverja einingu í 3. gr. og viðkomandi viðaukum.

2. Aðildarríkin skulu afhenda hlutalandsniðurstöður eftir þeim stigum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) sem mælt er fyrir um í viðaukunum, eða eru ákvörðuð í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr., til að unnt sé að taka saman heildarniðurstöður Bandalagsins.

*8. gr.*

**Afhending niðurstaðna**

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hag-stofu Evrópusambandsins) niðurstöðurnar, sem mælt er fyrir um í 7. gr. þessarar reglugerðar, ásamt trúnaðargögnum, í samræmi við gildandi ákvæði Bandalagsins um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum, einkum reglugerð ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 ([10]). Þessi Bandalagsákvæði gilda um meðferð niðurstaðnanna að svo miklu leyti sem þær hafa að geyma trúnaðargögn.

2. Afhenda skal niðurstöðurnar á viðeigandi tæknilegu sniði og innan frests er reiknast frá lokum viðmiðunartímabilsins sem mæla skal fyrir um til samræmis við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., fyrir einingarnar sem kveðið er á um í a til h og j-lið 2. mgr. 3. gr. og skal ekki vera lengri en 18 mánuðir. Fresturinn fyrir eininguna, sem kveðið er á um í i-lið 2. mgr. 3. gr., skal ekki vera lengri en 30 mánuðir eða 18 mánuðir eins og mælt er fyrir um í 9. þætti IX. viðauka. Einnig skal afhenda nokkrar áætlaðar bráðabirgðaniðurstöður innan frests sem reiknast frá lokum viðmiðunartímabilsins sem mælt skal fyrir um í samræmi við málsmeðferð fyrir einingarnar, eins og um getur í a til g-lið 2. mgr. 3. gr., og skal ekki vera lengri en 10 mánuðir. Frestur á afhendingu bráðabirgðaniðurstaðna skal ekki vera lengri en 18 mánuðir fyrir eininguna sem kveðið er á um í i-lið 2. mgr. 3. gr.

3. Aðildarríkin geta merkt gögn til að nota aðeins sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga (CETO) í því skyni að lágmarka byrði fyrirtækja og kostnað innlendra hagskýrsluyfirvalda. Hvorki skal Hagstofa Evrópusambandsins birta þessi gögn né aðildarríki merkja gögn sem birt eru innanlands með merkingu á framlagi til samtalna Evrópuhagreikninga (CETO-fána). Notkun CETO-fána skal vera háð hlutdeild einstakra aðildarríkja í heildarvirðisauka Evrópusambandsins í atvinnurekstri eins og hér segir:

a) Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland: Hægt er að senda gögn sem merkt eru sem framlag til samtalna Evrópu-hagreikninga fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópusam-bandsins, (NACE 2. endursk.), undirgreinarstigs og fyrir

([10]) Stjtíð. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

sundurliðun á stærðarflokkum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), flokksstig. Að hámarki má merkja við í 15% reitanna.

b) Belgía, Danmörk, Írland, Grikkland, Spánn, Holland, Austurríki, Pólland, Portúgal, Finnland og Svíþjóð: Hægt er að senda gögn sem merkt eru sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, (NACE 2. endursk.), undirgreinarstig og fyrir sundurliðun á stærðarflokkum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), flokksstig. Að hámarki má merkja við í 25% reitanna. Einnig er hægt að senda til viðbótar gögn merkt sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga ef, í einhverjum af þessum aðildarríkjum, hlutur atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) undirgreina eða stærðarflokka atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) flokks er lægri en 0,1% hagkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis.

c) Búlgaría, Tékkland, Eistland, Króatía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Ungverjaland, Malta, Rúmenía, Slóvenía og Slóvakía: Hægt er að senda gögn er merkt eru sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga fyrir flokks- og undirgreinarstig atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.) og sundurliðun á stærðarflokkum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) á flokksstigi. Að hámarki má merkja 25% reitanna á flokksstigi.

Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, í tengslum við endurskoðun reglna um merkingu á framlagi til samtalna Evrópuhagreikninga og flokkunar aðildarríkja sem skal samþykkja í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 3. mgr. 12. gr. fyrir 29. apríl 2013, og á fimm ára fresti upp frá því.

*9. gr.*

**Upplýsingar um framkvæmd**

Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar, viðeigandi upplýsingar varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar í aðildarríkjunum.

*10. gr.*

**Umbreytingartímabil**

1. Heimilt er að veita undanþágur frá ákvæðum viðaukanna um umbreytingartímabil til samræmis við reglunefndarmeðferðina, sem vísað er til í 2. mgr. 12. gr., þegar innlend hagskýrslukerfi þarfnast verulegrar aðlögunar.

2. Heimilt er að framlengja umbreytingartímabil aðildarríkis til að taka saman hagskýrslur þegar ógerlegt er að hlíta ákvæðum þessarar reglugerðar vegna undanþága, sem veittar voru samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 frá 22. júlí 1993 um samræmingu í Bandalaginu á gerð fyrirtækjaskráa með tilliti til hagskýrslna ([11]).

([11]) Stjtíð. EB L 196, 5.8.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

*11. gr.*

**Framkvæmdarráðstafanir**

1. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þessari reglugerð, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.:

a) ákvarða skilgreiningar á könnunaratriðunum og mikilvægi þeirra fyrir tiltekna starfsemi (3. gr. og 2. mgr. 4. þáttar I. viðauka),

b) ákvarða skilgreiningar á viðmiðunartímabilinu (3. gr.),

c) ákvarða viðeigandi tæknisnið fyrir afhendingu niðurstaðna (8. gr. og 2. mgr. 9. þáttur I. viðauka),

d) ákvarða umbreytingartímabilið og frávik frá ákvæðum þessarar reglugerðar, veitt á því tímabili (10. grein og 11. þáttur I. viðauka, 10. þáttur II. viðauka, 9. þáttur III. viðauka, 8. þáttur VIII. viðauka og 13. þáttur IX. viðauka),

e) koma á fót skrá yfir könnunaratriði sem verða afhent með sameiginlegri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna sem stofnað var til með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 ([12]) (hér á eftir nefnd atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1. endursk.)) fyrir árið 2008 og upplýsingar um frágang niðurstaðna (2. mgr. 9. þáttur I. viðauka),

f) ákvarða notkun sveigjanlegrar einingar sem um getur í j-lið 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr., og

g) ákvarða málsmeðferðarreglur sem ber að fylgja með tilliti til sérstakrar gagnasöfnunar eins og um getur í 3. og 4. mgr. 4. þætti II. viðauka, 3. mgr. 3. þætti III. viðauka og 3. mgr. 3. þætti IV. viðauka.

2. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar og er ætlað að breyta þeim þáttum hennar sem ekki teljast grundvallaratriði, m.a. með því að auka við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.:

a) uppfærsla skránna yfir könnunaratriði og bráðabirgðaniðurstöður, að svo miklu leyti sem slík uppfærsla valdi ekki, að loknu megindlegu mati, fjölgun eininga sem eftirlit er haft með eða byrði sem er í röngu hlutfalli við væntanlegan árangur (4. og 8. gr. og 6. þáttur I. viðauka, 6. þáttur II. viðauka, III. viðauka, 6. þáttur og 6. þáttur IV. viðauka),

b) ákvarða samantektartíðni hagskýrslnanna (3. gr.),

c) ákvarða reglur flöggunar gagna sem eru framlag til samtalna Evrópuhagreikninga (CETO) (3. mgr. 8. gr.),

d) ákvarða fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt niðurstaðna (8. gr. og 5. þáttur I. viðauka),

e) ákvarða sundurliðun niðurstaða, einkum flokkunina sem er notuð og samsetningu stærðarflokka (7. gr. og 2. og 3. mgr. 4. þáttur VIII. viðauka, 2. og 3. mgr. 8. þáttur IX. viðauka og 10. þáttur IX. viðauka),

([12]) Stjtíð. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

f) uppfæra tímabil fyrir afhendingu gagna (8. gr. og 1. mgr. 8. þáttur I. viðauka og 7. þáttur VI. viðauka),

g) aðlaga sundurliðun á starfsemi við breytingar eða endurskoðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna og sundurliðun vara til breytinga eða endurskoðana á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA),

h) þær sem voru samþykktar á grunni mats forkannana (4. mgr. 4. gr.),

i) breyting lægri marka fyrir viðmiðunarþýðið (3. þáttur VIII. viðauka) og

j) ákvarða viðmiðanna fyrir gæðamat (6. gr. og 6. þáttur I. viðauka, 6. þáttur II. viðauka, 6. þáttur III. viðauka og 6. þáttur IV. viðauka).

*12. gr.*

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar Evrópubandalaganna sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([13]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

*13. gr.*

**Skýrsla**

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 29. apríl 2011 og síðan þriðja hvert ár, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hagskýrslurnar sem teknar eru saman samkvæmt þessari reglugerð og sér í lagi um gæði þeirra og byrði á fyrirtæki.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í skýrslunum sem um getur í 1. málsgrein, leggja til þær breytingar sem hún telur nauðsynlegar.

*14. gr.*

**Niðurfelling**

1. Reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 falli úr gildi. Einnig falli 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1893/2006 úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð frá og með viðmiðunarárinu 2008 og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XI. viðauka. Ákvæði reglugerðar (EB, KBE) nr. 58/97 skulu gilda áfram að því er varðar söfnun, samantekt og afhendingu gagna fyrir viðmiðunarárin til og með 2007.

*15. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2008.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| *forseti.* | *forseti.* |
| H.-G. PÖTTERING | J. LENARČIČ |

([13]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

*I. VIÐAUKI*

**SAMEIGINLEG EINING FYRIR ÁRLEGAR GRUNNHAGTÖLUR**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í aðildarríkjunum.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslurnar sem taka á saman munu varða sviðin sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. gr., einkum greiningu á virðisauka og meginþáttum hans.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

1. Taka ber saman hagskýrslur fyrir starfsemina sem skráð er í 9. þætti.
2. Gera ber forkannanir um starfsemina sem minnst er á í 10. þætti.

4. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

1. Í eftirfarandi skrám yfir könnunaratriði er tegund hagskýrslueiningarinnar, sem taka á saman hagskýrslur um, tilgreind þegar við á.
2. Mælt verður fyrir um samsvarandi titla könnunaratriða, sem taka á saman hagskýrslur um fyrir starfsemi í bálki K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og svara að mestu leyti til þeirra sem gefnar voru upp í 3.–5. mgr., í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.
3. Árlegar lýðfræðilegar hagtölur:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar |
| 11 11 0 | Fjöldi fyrirtækja |
| 11 21 0 | Fjöldi starfsstöðva |

4. Könnunaratriði fyrirtækja sem taka á saman árlega hagskýrslu um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| | Bókhaldsgögn |
| 12 11 0 | Velta |
| 12 12 0 | Framleiðsluverðmæti |
| 12 15 0 | Vinnsluvirði á þáttaverði |
| 12 17 0 | Vergur rekstrarafgangur |
| 13 11 0 | Heildarkaup á vörum og þjónustu |
| 13 12 0 | Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi |

| Kóði | Titill |
|---|---|
| 13 13 1 | Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks |
| 13 31 0 | Starfsmannakostnaður |
| 13 32 0 | Laun |
| 13 33 0 | Kostnaður vegna almannatrygginga |
| Gögn tengd fjármagnsreikningi | |
| 15 11 0 | Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum |
| Gögn um starfsmannahald | |
| 16 11 0 | Fjöldi starfsmanna |
| 16 13 0 | Fjöldi launþega |
| 16 14 0 | Fjöldi launþega í heilum stöðugildum |

5. Könnunaratriði sem árlega ber að taka saman svæðishagskýrslur um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| 13 32 0 | Laun |
| Gögn um starfsmannahald | |
| 16 11 0 | Fjöldi starfsmanna |

6. Gera ber forkannanir um könnunaratriðin sem minnst er á í 10. þætti.

5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar samantekt hagskýrslna fer fram. Gögn verða tekin saman samkvæmt sundurliðuninni í 9. þætti. Þó skal ákvarða fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt hagskýrslna um atvinnugreinaflokka, sem falla undir flokka 64.2, 64.3 og 64.9 og 66. deild í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.), í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 12. gr.

6. ÞÁTTUR

**Skýrsla um gæði hagskýrslna**

Fyrir hvert lykilkönnunaratriði munu aðildarríkin tilgreina nákvæmni sem samsvarar 95% öryggisstigi og skal framkvæmdastjórnin hafa þær upplýsingar með í skýrslunni, sem kveðið er á um í 13. gr., að teknu tilliti til beitingar þeirrar greinar í hverju aðildarríki. Mælt verður fyrir um lykilkönnunaratriði í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.

7. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

1. Niðurstöðurnar skulu sundurliðaðar í stærðarflokka þar sem talin er upp starfsemin sem skráð er í 9. þætti.

2. Sumar niðurstöður skulu einnig sundurliðaðar í stærðarflokka fyrir hvern flokk starfsemi sem er skráð í 9. þætti.

3. Sundurliða skal niðurstöður svæðishagskýrslna í samræmi við tveggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (deildir) og 2. stig í sameiginlegri flokkun hagskýrslusvæða sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 ([14]) (hér á eftir nefnt flokkun hagskýrslusvæða).

([14]) Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 105/2007 (Stjtíð. ESB L 39, 10.2.2007, bls. 1).

8. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

1. Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins, nema að því er varðar atvinnugreinaflokk 64.11 og starfsemi í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.) sem fellur undir V., VI. og VII. viðauka. Afhendingarfrestur, að því er varðar atvinnugreinaflokk 64.11 í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.), er 10 mánuðir. Mælt er fyrir um afhendingarfrest, að því er varðar starfsemi sem fellur undir V., VI. og VII. viðauka, í þessum viðaukum. Afhendingarfresturinn, sem hlýst af atvinnugreinaflokkum er falla undir undirgreinar 64.2, 64.3 og 64.9 og 66. deild í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., verður þó ákveðinn í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

2. Afhenda skal innlendar bráðabirgðaniðurstöður eða -mat á hagskýrslum fyrirtækja, sem teknar eru saman um þau könnunaratriði sem talin eru upp hér á eftir, innan 10 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins, nema að því er varðar 64. og 65. deild atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.):

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| 12 11 0 | Velta |
| Gögn um starfsmannahald | |
| 16 11 0 | Fjöldi starfsmanna |

Bráðabirgðaniðurstöður þessar eða -mat ber að sundurliða í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (flokkur). Ákvarða skal afhendingu bráðabirgðaniðurstaðna eða -mats um 66. deild atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

9. ÞÁTTUR

**Sundurliðun starfsemi**

1. Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður frá og með viðmiðunarárinu 2008, sundurliðaðar í undirgreinar atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) fyrir bálka B til N og deild 95, til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

2. Aðildarríkjum ber, með fyrirvara um 1. mgr. 2. gr., að afhenda framkvæmdastjórninni hagskýrslur um skipulag fyrirtækja fyrir viðmiðunarárið 2008, bæði samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) 1.1. endursk. og 2. endursk.

   Ákveðið verður með skrána yfir könnunaratriði, sem afhenda á með atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE 1.1. endursk.) og upplýsingar varðandi frágang niðurstaðna í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

10. ÞÁTTUR

**Skýrslur og forkannanir**

1. Framkvæmdastjórnin mun hefja röð forkannana fyrir starfsemi, sem fellur undir bálka P til R og 94. og 96. deild bálks S í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), til að prófa hagkvæmni þess að ná yfir markaðsstarfsemi í þessum þáttum.

2. Framkvæmdastjórnin mun hefja röð forkannana fyrir könnunaratriði sem tengjast reikningsskilum og fjárfestingum í óefnislegum eignum, útbúa eyðublöð til að skipuleggja framleiðslukerfið og samanburðarhæfi á milli hagskýrslna um skipulag fyrirtækja og vinnumarkaðar og framleiðnihagtalna. Forkannanir þessar verða aðlagaðar sérstökum eiginleikum þáttanna.

11. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Umbreytingartímabilið fyrir samantekt hagskýrslna um könnunaratriði 12 17 0, 13 13 1 og 16 14 0 verður ekki framlengt lengur en tvö ár framyfir fyrsta viðmiðunarárið (2008) sem vísað er til í 5. þætti.

*II. VIÐAUKI*

**SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG IÐNFYRIRTÆKJA**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu iðnfyrirtækjageirans.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslurnar, sem teknar verða saman, munu varða sviðin sem um getur í a til e-lið 1. gr., einkum:

– miðlæga skrá um hagtölur til ítarlegrar greiningar á skipulagi, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu iðnrekstrar,

– frekari skrá um hagskýrslur fyrir rannsókn á tilteknum viðfangsefnum.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

Taka skal saman hagskýrslur um alla starfsemi sem er flokkuð innan bálka B, C, D og E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.). Þessir bálkar ná yfir námugröft og vinnslu hráefna úr jörðu (B), framleiðslu (C), rafmagns-, gas- og gufuveitur og loftræstikerfi (D) og vatnsveitu, fráveitukerfi, meðhöndlun úrgangs og afmengun (E). Fyrirtækjahagskýrslur munu varða þýði allra fyrirtækja sem flokkuð eru í samræmi við aðalstarfsemi sína í bálkum B, C, D og E.

4. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

1. Í eftirfarandi skrám yfir könnunaratriði og hagskýrslur er eftir atvikum tilgreind gerð hagskýrslueiningarinnar sem teknar verða saman hagskýrslur um og hvort taka eigi þær saman árlega eða á nokkurra ára fresti. Skáletruðu hagskýrslurnar og könnunaratriðin eru einnig færðar í skrár í sameiginlegu einingunni sem er skilgreind í I. viðauka.

2. Árlegar lýðfræðilegar hagtölur:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* |
| *11 21 0* | *Fjöldi starfsstöðva* |
| 11 31 0 | Fjöldi rekstrareininga |

3. Könnunaratriði fyrirtækja sem taka á saman árlega hagskýrslu um:

| Kóði | Titill | |
|---|---|---|
| | Bókhaldsgögn | |
| *12 11 0* | *Velta* | |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* | |
| 12 13 0 | Vergur hagnaður af vörum til endursölu | |
| *12 15 0* | *Vinnsluvirði á þáttaverði* | |
| *12 17 0* | *Vergur rekstrarafgangur* | |
| *13 11 0* | *Heildarkaup á vörum og þjónustu* | |
| *13 12 0* | *Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi* | |
| *13 13 1* | *Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks* | |
| 13 21 3 | Breytingar á birgðum af fullunnum vörum, og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir | |
| *13 31 0* | *Starfsmannakostnaður* | |
| *13 32 0* | *Laun* | |
| *13 33 0* | *Kostnaður vegna almannatrygginga* | |
| 13 41 1 | Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vörum | |
| | Gögn tengd fjármagnsreikningi | |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* | |
| 15 12 0 | Verg fjárfesting í lóðum | |
| 15 13 0 | Verg fjárfesting í húseignum og byggingum sem til eru | |
| 15 14 0 | Verg fjárfesting í byggingu og breytingu húseigna | |
| 15 15 0 | Verg fjárfesting í vélum og búnaði | |
| 15 21 0 | Sala efnislegrar fjárfestingarvöru | |
| | Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* | |
| *16 13 0* | *Fjöldi launþega* | |
| *16 14 0* | *Fjöldi starfsmanna í heilum stöðugildum* | |
| 16 15 0 | Fjöldi vinnustunda sem launþegar vinna | |
| | Sundurliðun veltu eftir starfsemi | |
| 18 11 0 | Velta af aðalstarfsemi, í þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins (NACE, 2. endursk.) | |
| | Kaup á orkuafurðum | |
| 20 11 0 | Kaup á orkuvörum (verðmæti) | Bálkar D og E eru undanskildir |
| | Gögn um umhverfismál | |
| 21 11 0 | Fjárfesting í mengunareftirlitsbúnaði og -stöð og sérstökum aukabúnaði til mengunarvarna (einkum útblástursbreinsibúnaði) (*) | |
| 21 12 0 | Fjárfesting í búnaði og stöð í tengslum við hreina tækni (samþætt tækni) (*) | |

(*) Ekki þarf að safna nauðsynlegum upplýsingum til að taka saman hagskýrslur, sem tengjast könnunaratriðum 21 11 0 og 21 12 0, að því er þessa reglugerð varðar, ef samanlögð velta eða starfsmannafjöldi í deild undir bálkum B til E í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, endursk. 2) í aðildarríki er minni en 1% af heildartölu Bandalagsins. Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef þörf er á með tilliti til stefnu Bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr., að fara fram á að þessara gagna verði aflað sérstaklega.

4. Könnunaratriði fyrirtækjanna sem taka á saman hagskýrslu til margra ára um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Gögn tengd fjármagnsreikningi | |
| 15 42 0 | Verg fjármunamyndun í sérleyfum, einkaleyfum, leyfum, vörumerkjum og svipuðum réttindum |
| 15 44 1 | Fjárfesting í aðkeyptum hugbúnaði |
| Sundurliðun veltu eftir starfsemi | |
| 18 12 0 | Velta í iðnrekstri |
| 18 15 0 | Velta í þjónustustarfsemi |
| 18 16 0 | Velta í verslun, þ.e. kaupum og endursölu og í milliliðastarfsemi |
| Gögn um umhverfismál | |
| 21 14 0 | Samanlögð rekstrarútgjöld til umhverfisverndar (*) |
| Undirverktakastarfsemi | |
| 23 11 0 | Greiðslur til undirverktaka |

(*) Ekki þarf að safna saman upplýsingum, sem eru nauðsynlegar til að taka saman hagskýrslur er tengjast könnunaratriði 21 14 0, að því er þessa reglugerð varðar, ef samanlögð velta eða starfsmannafjöldi í deild undir bálkum B til E í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, endursk. 2) í aðildarríki er minni en 1% af heildartölu Bandalagsins. Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef þörf er á með tilliti til stefnu Bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr., að fara fram á að þessara gagna verði aflað sérstaklega.

5. Könnunaratriði sem árlega ber að taka saman svæðishagskýrslur um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| *13 32 0* | *Laun* |
| Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |

6. Könnunaratriði rekstrareininga sem taka á saman árlega hagskýrslu um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| *12 11 0* | *Velta* |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* |
| *13 32 0* | *Laun* |
| Gögn tengd fjármagnsreikningi | |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* |
| Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |

7. Gera ber forkannanir um könnunaratriðin sem minnst er á í 9. þætti.

5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

1. Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar árleg samantekt hagskýrslna fer fram. Fyrstu viðmiðunarárin, þegar taka á hagskýrslur saman með margra ára millibili, eru tilgreind hér á eftir fyrir kóðana sem könnunaratriðin eru skráð fyrir:

| Almanaksár | Kóði |
|---|---|
| 2009 | 15 42 0 og 15 44 1 |
| 2008 | 18 12 0, 18 15 0, 18 16 0 og 23 11 0 |

2. Samantekt hagskýrslna til margra ára skal að lágmarki gerð á fimm ára fresti.
3. Almanaksárið 2010 er fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt hagskýrslna um könnunaratriði 21 14 0.
4. Samantekt hagskýrslna um könnunaratriði 21 12 0 skal fara fram árlega. Samantekt hagskýrslna um könnunaratriði 21 14 0 skal fara fram á þriggja ára fresti.

6. ÞÁTTUR

**Skýrsla um gæði hagskýrslna**

Fyrir hvert lykilkönnunaratriði munu aðildarríkin tilgreina nákvæmnistig sem samsvarar 95% öryggisstigi og skal framkvæmdastjórnin hafa þær upplýsingar með í skýrslunni, sem kveðið er á um í 13. gr., að teknu tilliti til beitingar þeirrar greinar í hverju aðildarríki. Mæla ber fyrir um lykilkönnunaratriði í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.

7. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

1. Sundurliða skal niðurstöður um hagskýrslurnar, að undanskildum könnunaratriðum 18 11 0, 18 12 0, 18 15 0 og 18 16 0, í samræmi við fjögurra tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (atvinnugrein).

   Sundurliða skal könnunaratriði 18 11 0, 18 12 0, 18 15 0 og 18 16 0 í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (flokkur).

2. Einnig skal sundurliða sumar niðurstöður í stærðarflokka og í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (flokkur).
3. Sundurliða skal niðurstöður hagskýrslnanna, sem eru teknar saman frá rekstrareiningum, í samræmi við fjögurra stafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (atvinnugrein).
4. Sundurliða skal niðurstöður svæðishagskýrslna í samræmi við tveggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (deild) og 2. stig hagskýrslusvæðaflokkunarinnar (NUTS).
5. Sundurliða skal niðurstöður um könnunaratriði 21 11 0, 21 12 0 og 21 14 0 í samræmi við tveggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (deild).
6. Sundurliða skal niðurstöður könnunaratriða 21 11 0, 21 12 0 og 21 14 0 í eftirfarandi umhverfissvið: verndun andrúmslofts og loftslags, meðhöndlun skólps, meðhöndlun úrgangs og aðrar umhverfisverndaraðgerðir. Sundurliða skal niðurstöðurnar um umhverfissviðin í samræmi við tveggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (deild).

8. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.

Afhenda skal innlendar bráðabirgðaniðurstöður eða -mat á fyrirtækjahagskýrslum, sem um getur í 3. mgr. 4. þáttar og eru teknar saman um eftirfarandi könnunaratriði, innan 10 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* |
| | Bókhaldsgögn |
| *12 11 0* | *Velta* |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* |
| *13 11 0* | *Heildarkaup á vörum og þjónustu* |
| *13 32 0* | *Laun* |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* |
| | Gögn um starfsmannahald |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |

Sundurliða ber þessar bráðabirgðaniðurstöður í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (flokkur).

9. ÞÁTTUR

**Skýrslur og forkannanir**

Aðildarríki munu leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um tiltækileika gagna sem eru nauðsynleg fyrir samantekt niðurstaðna um eftirfarandi könnunaratriði:

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Gögn um umhverfismál | |
| 21 11 0 | Fjárfesting í mengunareftirlitsbúnaði og -stöð og sérstökum aukabúnaði til mengunarvarna (einkum útblásturshreinsibúnaði) | Sértæk sundurliðun þegar farið er að ákvæðum Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar |
| 21 12 0 | Fjárfesting í búnaði og stöð í tengslum við hreinni tækni („samþætta tækni“) | Sértæk sundurliðun þegar farið er að ákvæðum Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar |
| 21 14 0 | Samanlögð rekstrarútgjöld til umhverfisverndar | Sérstök sundurliðun útgjalda sem leiða af framkvæmd umhverfisstefnu ESB |
| | Undirverktakastarfsemi | |
| 23 12 0 | Tekjur af undirverktakastarfsemi | |

Framkvæmdastjórnin mun hefja röð forkannana fyrir þessi könnunaratriði.

10. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Aðlögunartímabilinu vegna tölfræðilegrar skráningar könnunaratriða 21 12 0 og 21 14 0 lýkur með viðmiðunarári 2008.

---

*III. VIÐAUKI*

**SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG VERSLUNARFYRIRTÆKJA**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í dreifingargeiranum.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslurnar, sem teknar verða saman, munu varða sviðin sem um getur í a til e-lið 1. gr., einkum:

– skipulag dreifingarkerfisins og þróun þess,

– dreifingarstarfsemi og sölumáta, ásamt birgja- og sölumynstri.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

1. Taka skal hagskýrslurnar saman um alla starfsemi innan bálks G í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.). Þáttur þessi nær yfir heildverslun og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum. Fyrirtækjahagskýrslur vísa til þýðis allra fyrirtækja sem flokkuð eru eftir aðalstarfsemi sinni í bálki G.

2. Ekki þarf að safna upplýsingunum, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka en eru ekki í 1. viðauka að því er þessa reglugerð varðar, ef samanlögð velta og starfsmannafjöldi í deild undir bálki G atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) í aðildarríki er að jafnaði minni en 1% af heildartölu Bandalagsins.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef þörf er á með tilliti til stefnu Bandalagsins í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr., að fara fram á að gagnanna, sem um getur í 2. mgr., verði aflað sérstaklega.

4. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

1. Í eftirfarandi skrám yfir könnunaratriði og hagskýrslur er eftir atvikum tilgreind gerð hagskýrslueiningarinnar sem teknar verða saman hagskýrslur um og hvort taka eigi þær saman árlega eða á nokkurra ára fresti. Skáletruðu hagskýrslurnar og könnunaratriðin eru einnig færðar í skrár í sameiginlegu einingunni sem er skilgreind í I. viðauka.

2. Árlegar lýðfræðilegar hagtölur:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Skipulagsupplýsingar | |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* |
| *11 21 0* | *Fjöldi starfsstöðva* |

3. Könnunaratriði fyrirtækja sem taka á saman árlega hagskýrslu um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| *12 11 0* | *Velta* |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* |
| 12 13 0 | *Vergur hagnaður af vörum til endursölu* |
| *12 15 0* | *Vinnsluvirði á þáttaverði* |
| *12 17 0* | *Vergur rekstrarafgangur* |
| *13 11 0* | *Heildarkaup á vörum og þjónustu* |
| *13 12 0* | *Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi* |
| *13 13 1* | *Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks* |
| 13 21 0 | Breytingar á birgðum af vöru og þjónustu |
| 13 21 1 | Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi |
| *13 31 0* | *Starfsmannakostnaður* |
| *13 32 0* | *Laun* |
| *13 33 0* | *Kostnaður vegna almannatrygginga* |
| Gögn tengd fjármagnsreikningi | |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* |
| 15 12 0 | Verg fjárfesting í lóðum |
| 15 13 0 | Verg fjárfesting í húseignum og byggingum sem til eru |
| 15 14 0 | Verg fjárfesting í byggingu og breytingu húseigna |
| 15 15 0 | Verg fjárfesting í vélum og búnaði |
| 15 21 0 | Sala efnislegrar fjárfestingarvöru |
| Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |
| *16 13 0* | *Fjöldi launþega* |
| *16 14 0* | *Fjöldi launþega í heilum stöðugildum* |

4. Könnunaratriði fyrirtækjanna sem taka á saman hagskýrslu til margra ára um:

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Upplýsingar um verslunarhætti fyrirtækja | Aðeins 47. deild |
| 17 32 0 | Fjöldi smásöluverslana | |
| Sundurliðun veltu eftir starfsemi | | |
| 18 10 0 | Velta í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi | |
| 18 15 0 | Velta í þjónustustarfsemi | |
| 18 16 0 | Velta af verslun, kaupum og endursölu og milliliðastarfsemi | |
| Sundurliðun veltu eftir vörutegundum | | |
| 18 21 0 | Sundurliðun veltu eftir vörum (samkvæmt bálki G í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)) (*)) | |

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 frá 29. október 1993 um vöruflokkun Efnahagsbandalags Evrópu eftir atvinnugreinum (CPA) (Stjtíð. EB L 342, 31.12.1993, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

5. Könnunaratriði sem árlega ber að taka saman svæðishagskýrslur um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| *13 32 0* | *Laun* |
| Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |

6. Könnunaratriði sem ber að taka saman svæðishagskýrslur til margra ára um:

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| Bókhaldsgögn | | |
| *12 11 0* | *Velta* | Eingöngu deildir 45 og 47 |
| Upplýsingar um verslunarhætti fyrirtækja | | |
| 17 33 1 | Sölurými | Aðeins 47. deild |

5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

1. Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar samantekt hagskýrslna fer fram. Hér á eftir er tiltekið fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt hagskýrslna til margra ára fyrir hverja deild atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.), sem ber að safna gögnum um, og einnig fyrir svæðishagskýrslur sem taka ber saman til margra ára:

| Almanaksár | Sundurliðun |
|---|---|
| 2012 | Deild 47 |
| 2008 | Deild 46 |
| 2009 | Svæðisbundnar hagskýrslur |
| 2010 | Deild 45 |

2. Samantektartíðni til margra ára er fimm ár.

6. ÞÁTTUR

**Skýrsla um gæði hagskýrslna**

Fyrir hvert lykilkönnunaratriði munu aðildarríkin tilgreina nákvæmnistig sem samsvarar 95% öryggisstigi og skal framkvæmdastjórnin hafa þær upplýsingar með í skýrslunni sem kveðið er á um í 13. gr., að teknu tilliti til beitingar þeirrar greinar í hverju aðildarríki. Ákvarða verður lykilkönnunaratriði í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.

7. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

1. Aðildarríki eiga að afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í samræmi við undirgreinar atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.), til að unnt sé að taka saman heildarniðurstöður Bandalagsins.

2. Einnig skal sundurliða sumar niðurstöður í stærðarflokka fyrir hvern atvinnugreinaflokk Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.).

3. Sundurliða skal svæðishagskýrslur í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (flokkur) og 2. stig hagskýrslusvæðaflokkunarinnar (NUTS).

4. Umfang svæðishagskýrslna, sem ber að taka saman á nokkurra ára fresti, svarar til starfsmannafjölda allra starfsstöðva sem flokka aðalstarfsemi sína í bálki G. Það kann þó að vera takmarkað við starfsstöðvar sem heyra undir fyrirtæki sem flokkuð eru í bálki G í atvinnugreinaflokkun (NACE, 2. endursk.) ef starfsmannafjöldi er yfir 95% af heildarumfangi. Hlutfall þetta ber að reikna út frá könnunaratriðum um atvinnumál sem liggja fyrir hjá fyrirtækjaskrá.

8. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

1. Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.

2. Afhenda ber innlendar bráðabirgðaniðurstöður eða -mat á fyrirtækjahagskýrslum, sem teknar eru saman um þær breytur sem taldar eru upp hér á eftir, innan 10 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| *12 11 0* | *Velta* |
| Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |

Sundurliða ber þessar bráðabirgðaniðurstöður í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreina-flokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (flokkur).

9. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Umbreytingartímabilið fyrir samantekt hagskýrslna um könnunaratriði 13 13 1 og 16 14 0 verður ekki framlengt lengur en tvö ár framyfir fyrsta viðmiðunarárið (2008) sem vísað er til í 5. þætti.

*IV. VIÐAUKI*

**SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG FYRIRTÆKJA Í BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu byggingargeirans.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslurnar, sem teknar verða saman, munu varða sviðin sem um getur í a til e-lið 1. gr., einkum:

– miðlæga skrá um hagtölur til ítarlegrar greiningar á skipulagi, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu byggingarstarfsemi,

– frekari skrá um hagskýrslur fyrir rannsókn á tilteknum viðfangsefnum.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

1. Taka á hagskýrslurnar saman um alla starfsemi innan bálks F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.). Fyrirtækjahagskýrslur munu varða þýði allra fyrirtækja sem flokkuð eru í samræmi við aðalstarfsemi sína í bálki F.

2. Ekki þarf að safna upplýsingunum, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka en eru ekki í 1. viðauka, að því er þessa reglugerð varðar, ef samanlögð velta og starfsmannafjöldi í deild undir bálki F í atvinnugreinaflokkun (NACE, 2. endursk.) í aðildarríki er að jafnaði minni en 1% af heildartölu Evrópubandalagsins.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef þörf er á með tilliti til stefnu Bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr., að fara fram á að gagnanna, sem um getur í 2. mgr., verði aflað sérstaklega.

4. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

1. Í eftirfarandi skrám yfir könnunaratriði og hagskýrslur er eftir atvikum tilgreind gerð hagskýrslueiningarinnar sem teknar verða saman hagskýrslur um og hvort taka eigi þær saman árlega eða á nokkurra ára fresti. Skáletruðu hagskýrslurnar og könnunaratriðin eru einnig færðar í skrár í sameiginlegu einingunni sem er skilgreind í I. viðauka.

2. Árlegar lýðfræðilegar hagtölur:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Skipulagsupplýsingar | |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* |
| *11 21 0* | *Fjöldi starfsstöðva* |

3. Könnunaratriði fyrirtækja sem taka á saman árlega hagskýrslu um:

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Bókhaldsgögn | |
| *12 11 0* | *Velta* | |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* | |
| 12 13 0 | Vergur hagnaður af vörum til endursölu | Deildir 41 og 42 og flokkar 43.1 og 43.9 — valkvætt |
| *12 15 0* | *Vinnsluvirði á þáttaverði* | |
| *12 17 0* | *Vergur rekstrarafgangur* | |
| *13 11 0* | *Heildarkaup á vörum og þjónustu* | |
| *13 12 0* | *Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi* | Deildir 41 og 42 og flokkar 43.1 og 43.9 — valkvætt |
| *13 13 1* | *Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks* | |
| 13 21 3 | Breytingar á birgðum af fullunnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir | |
| *13 31 0* | *Starfsmannakostnaður* | |
| *13 32 0* | *Laun* | |
| *13 33 0* | *Kostnaður vegna almannatrygginga* | |
| 13 41 1 | Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vörum | |
| | Gögn tengd fjármagnsreikningi | |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* | |
| 15 12 0 | Verg fjárfesting í lóðum | |
| 15 13 0 | Verg fjárfesting í húseignum og byggingum sem til eru | |
| 15 14 0 | Verg fjárfesting í byggingu og breytingu húseigna | |
| 15 15 0 | Verg fjárfesting í vélum og búnaði | |
| 15 21 0 | Sala efnislegrar fjárfestingarvöru | |
| | Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* | |
| *16 13 0* | *Fjöldi launþega* | |
| *16 14 0* | *Fjöldi launþega í heilum stöðugildum* | |
| 16 15 0 | Fjöldi vinnustunda sem launþegar vinna | |
| | Sundurliðun veltu eftir starfsemi | |
| 18 11 0 | Velta af aðalstarfsemi í þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, (NACE, 2. endursk.) | |
| | Kaup á orkuafurðum | |
| 20 11 0 | Kaup á orkuvörum (verðmæti) | |

4. Könnunaratriði fyrirtækjanna sem taka á saman hagskýrslu til margra ára um:

| Kóði | Titill | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Gögn tengd fjármagnsreikningi | | |
| 15 44 1 | Fjárfesting í aðkeyptum hugbúnaði | |
| Sundurliðun veltu eftir starfsemi | | |
| 18 12 1 | Velta í iðnaðarstarfsemi, að undanskilinni byggingarstarfsemi | |
| 18 12 2 | Velta í byggingarstarfsemi | |
| 18 15 0 | Velta í þjónustustarfsemi | |
| 18 16 0 | Velta af verslun og milliliðastarfsemi | |
| 18 31 0 | Velta í byggingarvinnu | Aðeins deildir 41 og 42 og flokkar 43.1 og 43.9 |
| 18 32 0 | Velta í mannvirkjagerð | Aðeins deildir 41 og 42 og flokkar 43.1 og 43.9 |
| Undirverktakastarfsemi | | |
| 23 11 0 | Greiðslur til undirverktaka | |
| 23 12 0 | Tekjur af undirverktakastarfsemi | |

5. Könnunaratriði sem árlega ber að taka saman svæðishagskýrslur um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| *13 32 0* | *Laun* |
| Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |

6. Könnunaratriði rekstrareininga sem taka á saman árlega hagskýrslu um:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Bókhaldsgögn | |
| *12 11 0* | *Velta* |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* |
| *13 32 0* | *Laun* |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* |
| Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |

5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

1. Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar árleg samantekt hagskýrslna fer fram. Fyrstu viðmiðunarárin, þegar taka á hagskýrslur saman með margra ára millibili, eru tilgreind hér á eftir fyrir kóðana sem könnunaratriðin eru skráð fyrir.

| Almanaksár | Kóði |
|---|---|
| 2009 | 15 44 1 |
| 2008 | 18 12 1, 18 12 2, 18 15 0, 18 16 0, 18 31 0, 18 32 0, 23 11 0 og 23 12 0 |

2. Samantekt hagskýrslna til margra ára skal að lágmarki gerð á fimm ára fresti.

6. ÞÁTTUR

**Skýrsla um gæði hagskýrslna**

Fyrir hvert lykilkönnunaratriði munu aðildarríkin tilgreina nákvæmnistig sem samsvarar 95% öryggisstigi og skal framkvæmdastjórnin hafa þær upplýsingar með í skýrslunni, sem kveðið er á um í 13. gr., að teknu tilliti til beitingar þeirrar greinar í hverju aðildarríki. Ákvarða verður lykilkönnunaratriði í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.

7. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

1. Sundurliða skal niðurstöður hagskýrslna, nema könnunaratriða 15 44 1, 18 11 0, 18 12 1, 18 12 2, 18 15 0, 18 16 0, 18 31 0 og 18 32 0 í samræmi við fjögurra tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE 2. endursk.) (atvinnugrein).

   Sundurliða skal niðurstöður könnunaratriða 15 44 1, 18 11 0, 18 12 1, 18 12 2, 18 15 0, 18 16 0, 18 31 0 og 18 32 0 í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE 2. endursk.) (flokkur).

2. Einnig skal sundurliða sumar niðurstöður í stærðarflokka og í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (flokkur).

3. Sundurliða skal niðurstöður hagskýrslnanna, sem eru teknar saman um rekstrareiningar, í samræmi við fjögurra tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (atvinnugrein).

4. Sundurliða skal niðurstöður svæðishagskýrslna í samræmi við tveggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (deildir) og 2. stig hagskýrslusvæðaflokkunarinnar (NUTS).

8. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.

Innlendar bráðabirgðaniðurstöður eða -mat á fyrirtækjahagskýrslum, sem teknar eru saman um þau könnunaratriði sem talin eru upp hér á eftir, eru afhentar innan 10 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* |
| | Bókhaldsgögn |
| *12 11 0* | *Velta* |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* |
| *13 11 0* | *Heildarkaup á vörum og þjónustu* |
| *13 32 0* | *Laun* |
| | Gögn tengd fjármagnsreikningum |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* |
| | Gögn um starfsmannahald |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* |

Sundurliða ber þessar bráðabirgðaniðurstöður í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (flokkur).

9. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Eigi má veita umbreytingartímabil.

*V. VIÐAUKI*

**SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG VÁTRYGGINGAFÉLAGA**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu vátryggingaþjónustu. Í þessari einingu er ítarleg skrá yfir könnunaratriðin, sem taka á saman hagskýrslur um, til að auka þekkingu á þróun vátryggingageirans í aðildarríkjunum, í Bandalaginu og á alþjóðavettvangi.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslurnar sem teknar verða saman munu varða sviðin sem um getur í a-, b- og c-lið 1. gr., einkum:

– sundurliðaða greiningu á skipulagi, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu vátryggingafélaga,

– þróun og dreifingu heildarviðskipta og viðskipta með einstakar vörur, mynstur viðskiptamanna, alþjóðlega starfsemi, atvinnumál, fjárfestingar, eigið fé og varasjóði og vátryggingaskuldir.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

1. Hagskýrslur þessar verða teknar saman fyrir alla starfsemi sem innan atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, (NACE, 2. endursk.), 65. deild, að undanskildum flokki 65.3.

2. Samantekt hagskýrslna mun ná yfir eftirfarandi fyrirtæki:

   – skaðatryggingafélög: öll þau sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE ([15]),

   – líftryggingafélög: öll þau sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE,

   – sérhæfð endurtryggingafyrirtæki: öll þau sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/674/EBE,

   – vátryggjendur Lloyd's: öll þau sem um getur í 4. gr. tilskipunar 91/674/EBE,

   – blönduð tryggingafyrirtæki: öll þau sem reka líf- og skaðatryggingafélög.

3. Einnig verða útibú tryggingafyrirtækja, sem um getur í III. bálki tilskipana 73/239/EBE ([16]) og 2002/83/EB ([17]) og hvers starfsemi fellur innan eins af flokkum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) sem er vísað til í 1. mgr., meðhöndluð með sama hætti og samsvarandi fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 2. mgr.

([15]) Tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga (Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB (Stjtíð. ESB L 224, 16.8.2006, bls. 1).

([16]) Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB (Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1). Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).

4. Aðildarríkjum er frjálst, að því er varðar samræmingu hagskýrslna Bandalagsins, að taka tillit til útilokana sem nefndar eru í 3. gr. tilskipunar 73/239/EBE og í 2., 3., 5., 6. og 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/83/EB.

4. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

1. Skáletruðu könnunaratriðin eru einnig færð í skrárnar í sameiginlegu einingunni sem er skilgreind í I. viðauka. Könnunaratriðin og hagskýrslurnar, sem eru birtar í skrá A sem um getur í 3. málsgrein og skrá B sem um getur í 4. málsgrein, verða teknar saman til samræmis við 5. þátt. Samlaga verður bókhaldsár, sem lýkur á viðmiðunarári, við áðurnefnt viðmiðunarár þegar könnunaratriði eru fengin beint úr ársreikningum.

2. Í skrám A og B eru könnunaratriði sem tengjast líftryggingafélögum auðkennd með tölustafnum 1, þau sem tengjast skaðatryggingafélögum með tölustafnum 2, þau sem tengjast blönduðum tryggingafyrirtækjum með tölustafnum 3, þau sem tengjast sérhæfðum endurtryggingafyrirtækjum með tölustafnum 4, þau sem tengjast líftryggingaviðskiptum blandaðra tryggingafyrirtækja með tölustafnum 5 og þau sem tengjast skaðatryggingaviðskiptum (þ.m.t. vegna staðfestingar á endurtryggingum) samsettra tryggingafyrirtækja með tölustafnum 6.

3. Skrá A inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

   a) könnunaratriði sem eru gefin upp í 6. gr. tilskipunar 91/674/EBE varðandi líftryggingafyrirtæki, skaðatryggingafyrirtæki, blönduð tryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki: eignahluti efnahagsreiknings: liðir C I (sem sýna lóðir og byggingar þar sem tryggingafyrirtæki starfa aðskilið), C II, C II 1 + C II 3 sem samtala, C III, C III 1, C III 2, C III 3, C III 4, C III 5, C III 6 + C III 7 sem samtala, C IV, D, skuldahluti efnahagsreiknings: hlutar A, A I, A II + A III + A IV sem samtala, B, C I (aðskilið fyrir líftryggingar og skaðatryggingar blandaðra tryggingafyrirtækja), C 2 a (aðskilið fyrir líftryggingar og skaðatryggingar blandaðra tryggingafyrirtækja), C 3 (aðskilið fyrir líftryggingar og skaðatryggingar blandaðra tryggingafyrirtækja), C 4 a, C 5, C 6 a, D a, G III (án aðskilnaðar breytanlegra lána), G IV,

   b) könnunaratriði sem eru skráð í 34. gr. I. hluta tilskipunar 91/674/EBE varðandi skaðatryggingafyrirtæki og sérhæft endurtryggingafyrirtæki og skaðatryggingar blandaðra tryggingafyrirtækja: hlutar 1 a, 1 b, 1 c, 1 d, 2, 4 a aa, 4 a bb, 4 b aa, 4 b bb, 7 (verg fjárhæð), 7 d, 9, 10 (aðskilið fyrir vergri og hreinni fjárhæð),

   c) könnunaratriði sem eru skráð í 34. gr. II. hluta tilskipunar 91/674/EBE varðandi líftryggingafyrirtæki og líftryggingar blandaðra tryggingafyrirtækja: hlutar 1 a, 1 b, 1 c (verg fjárhæð og aðskilinn hluti endurtryggjenda), 2, 3, 5 a aa, 5 a bb, 5 b aa, 5 b bb, 6 a aa, 6 a bb, 8 (verg fjárhæð), 8 d, 9, 10, 12, 13 (aðskilið fyrir vergri- og hreinni fjárhæð),

   d) könnunaratriði sem eru gefin upp í 34. gr., III. hluta tilskipunar 91/674/EBE varðandi líftryggingafyrirtæki, skaðatryggingafyrirtæki, blönduð tryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki: liðir 3, 4 (eingöngu fyrir líftrygginga- og blönduð tryggingafyrirtæki), 5, 6 (eingöngu fyrir skaðatryggingafyrirtæki, blönduð tryggingafyrirtæki og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki), 7, 8, 9 + 14 + 15 sem samtala, 10 (fyrir skatta), 13, 16,

   e) könnunaratriði sem um getur í 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE:

      – varðandi líftrygginga- og skaðatryggingafyrirtæki og blönduð tryggingafyrirtæki líftrygginga og skaðatrygginga: bókfært vergt iðgjald skráð í bein viðskipti af (undir)flokkum vöruflokkunar Evrópubandalagsins (fimm tölustafa sundurliðun og undirflokkar 66.03.21, 66.03.22),

      – varðandi skaðatryggingafyrirtæki og blönduð tryggingafyrirtæki skaðatrygginga: tjón ársins alls, frumtryggingar, verg rekstrarútgjöld, staða frumtrygginga og endurtrygginga, bein viðskipti, öll einkenni eftir (undir)flokkum vöruflokkunar Evrópubandalagsins (fimm tölustafa sundurliðun og undirflokkar 66.03.21, 66.03.22),

      – varðandi líftryggingafyrirtæki og blönduð tryggingafyrirtæki líftrygginga: bókfært frumtryggingaiðgjald með sundurliðun eins og sýnt er í nr. II., 1. lið þeirrar greinar,

f) könnunaratriði sem vísað er til í 64. gr. tilskipunar 91/674/EBE varðandi líftrygginga- og skaðatryggingafyrirtæki, samsett og sérhæfð endurtryggingafyrirtæki: umboð frumtryggingastarfsemi (að undanskildum sérhæfðum endurtryggingafyrirtækjum) og heildartryggingastarfsemi,

g) viðbótarkönnunaratriði eru skráð hér á eftir:

| Kóði | Titill | Hlutaðeigandi fyrirtæki/ atvinnurekstur |
|---|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar | |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* | (1, 2, 3, 4) |
| 11 11 1 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir réttarstöðu | (1, 2, 3, 4) |
| 11 11 2 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærðarflokki bókfærðra brúttóiðgjalda | (1, 2, 3) |
| 11 11 3 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærðarflokki heildarvátryggingaskulda | (1) |
| 11 11 5 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins | (1, 2, 3, 4) |
| 11 41 0 | Heildarfjöldi útibúa í öðrum löndum og staðsetning þeirra | (1, 2, 3) |
| | Bókhaldsgögn/tæknilegur hluti rekstrarreikningsins | |
| 32 11 4 | Bókfærð brúttóiðgjöld, sundurliðuð eftir réttarstöðu | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 11 5 | Bókfærð frumtryggingariðgjöld, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins | (1, 2, 5, 6) |
| 32 11 6 | Bókfærð, fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins | (1, 2, 4, 6) |
| 32 18 2 | Hlutur endurtryggjenda af bókfærðum brúttóiðgjöldum, sundurliðuðum eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 16 0 | Aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri, verg fjárhæð | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 18 0 | Endurtryggingajöfnuður | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 18 8 | Hlutur endurtryggjenda af vergri fjárhæð annarra tekju- og gjaldaliða af vátryggingarekstri | (1, 2, 4, 5, 6) |
| | Bókhaldsgögn/ekki tæknilegur hluti rekstrarreikningsins | |
| 32 19 0 | Millisamtala II (hrein staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) | (3) |
| | Viðbótargögn sem varða rekstrarreikning | |
| 32 61 4 | Ytri kostnaður við vörur og þjónustu | (1, 2, 3, 4) |
| *13 31 0* | Starfsmannakostnaður | (1, 2, 3, 4) |
| 32 61 5 | Ytri og innri útgjöld við uppgjör tjóna | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 61 6 | Kostnaður við öflun vátrygginga | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 61 7 | Stjórnunarkostnaður | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 61 8 | Annar vergur kostnaður af vátryggingarekstri | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 61 9 | Kostnaður vegna fjárfestingarstýringar | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 71 1 | Tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 71 3 | Tekjur af lóðum og húseignum | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 71 4 | Tekjur af öðrum fjárfestingum | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 71 5 | Bakfærsla fjárfestinga | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 71 6 | Hagnaður af sölu fjárfestinga | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 72 1 | Kostnaður vegna fjárfestingarstýringar, vextir meðtaldir | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 72 2 | Virðisbreyting fjárfestinga | (1, 2, 4, 5, 6) |
| 32 72 3 | Tap af sölu fjárfestinga | (1, 2, 4, 5, 6) |

| Kóði | Titill | Hlutaðeigandi fyrirtæki/ atvinnurekstur |
|---|---|---|
| Gögn eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) | | |
| 33 12 1 | Hlutur endurtryggjenda af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum (fimm tölustafa sundurliðun og undirflokkar 66.03.21, 66.03.22) | (1, 2, 5, 6) |
| Gögn um alþjóðavæðingu (landfræðilega sundurliðun rekstrarins sem er bókfærður samkvæmt staðfesturétti) | | |
| 34 31 1 | Bókfærð frumtryggingariðgjöld eftir fimm tölustafa sundurliðun flokka í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum og eftir aðildarríkjum | (1, 2, 5, 6) |
| Gögn um alþjóðavæðingu (landfræðileg sundurliðun rekstrarins sem er bókfærður samkvæmt rétti til að veita þjónustu) | | |
| 34 32 1 | Bókfærð frumtryggingariðgjöld eftir fimm tölustafa sundurliðun flokka í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum og eftir aðildarríkjum | (1, 2, 5, 6) |
| Gögn um starfsmannahald | | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* | (1, 2, 3, 4) |
| Gögn á efnahagsreikningi (eignir/skuldir) | | |
| 36 30 0 | Niðurstöðutala efnahagsreiknings | (1, 2, 3, 4) |
| 37 33 1 | Vergir vátryggingarsjóðir fyrir tjónaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi | (2, 6) |
| 37 30 1 | Hrein vátryggingaskuld alls | (1, 2, 3, 4) |

4. Skrá B inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

a) könnunaratriði sem eru gefin upp í 34. grein, I. hluta tilskipunar 91/674/EBE varðandi skaðatryggingafyrirtæki, sérhæfð endurtryggingafyrirtæki og blönduð tryggingafyrirtæki skaðatrygginga: liðir 3, 5, 6, 8,

b) könnunaratriði sem eru gefin upp í 34. grein, II. hluta tilskipunar 91/674/EBE varðandi líftryggingafyrirtæki og blönduð tryggingafyrirtæki líftrygginga: liðir 4, 6 b, 7, 11,

c) könnunaratriði sem um getur í 63. grein tilskipunar 91/674/EBE varðandi líftrygginga- og skaðatryggingafyrirtæki og blönduð tryggingafyrirtæki líftrygginga og skaðatrygginga: landfræðileg sundurliðun bókfærðs frumtryggingaiðgjalds sem er skráð í aðildarríki aðalskrifstofu fyrirtækis, öðrum aðildarríkjum, öðrum EES löndum, Sviss, Bandaríkjunum, Japan eða öðrum þriðju löndum,

d) viðbótarkönnunaratriði eru skráð hér á eftir:

| Kóði | Titill | Hlutaðeigandi fyrirtæki/ atvinnurekstur | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Bókhaldsgögn/tæknilegur hluti rekstrarreikningsins | | | |
| 32 13 2 | Bókfærðar greiðslur í tengslum við tjón á yfirstandandi uppgjörsári | (2, 4, 6) | |
| Alþjóðleg starfsemi (almenn) | | | |
| 34 12 0 | Landfræðileg sundurliðun á bókfærðum, fengnum endurtryggingariðgjöldum, bókfærðum iðgjöldum | (1, 2, 4, 5, 6) | |
| 34 13 0 | Landfræðileg sundurliðun á hluta endurtryggjenda í bókfærðum brúttóiðgjöldum | (1, 2, 4, 5, 6) | |

| Kóði | Titill | Hlutaðeigandi fyrirtæki/ atvinnurekstur | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Gögn á efnahagsreikningi (eignir/skuldir) | | | |
| 36 11 2 | Lóðir og húseignir (núvirði) | (1, 2, 3, 4) | |
| 36 12 3 | Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum (núvirði) | (1, 2, 3, 4) | |
| 36 13 8 | Aðrar fjárfestingar (núvirði) | (1, 2, 3, 4) | |
| 36 21 0 | Fjárfestingar í þágu líftryggingartaka sem bera áhættuna af fjárfestingunni — lóðir og húseignir | (1, 3) | |
| 36 22 0 | Fjárfestingar í þágu líftryggingartaka sem bera áhættuna af fjárfestingunni — aðrar fjárfestingar | (1, 3) | |
| 37 10 1 | Eigið fé og varasjóðir alls, sundurliðað eftir réttarstöðu | (1, 2, 3, 4) | |
| 37 33 3 | Vergir vátryggingasjóðir fyrir tjónaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi, eftir (undir)flokki í vöruflokkun Evrópubandalagsins (fimm tölustafa sundurliðun) og undirflokkum 66.03.21 og 66.03.22 | (2, 6) | |
| Aðrar upplýsingar | | | |
| 39 10 0 | Fjöldi útistandandi samninga við lok bókhaldsárs sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar alla einstaka líftryggingasamninga og fyrir eftirfarandi (undir)flokka vöruflokkunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA): 66.01.1, 66.03.1, 66.03.4 og 66.03.5 | (1, 2, 5, 6) | |
| 39 20 0 | Fjöldi tryggðra einstaklinga við lok bókhaldsárs sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar alla hóplíftryggingasamninga og eftirtalda undirflokka í vöruflokkun Evrópubandalagsins: 66.03.1 | (1, 2, 5, 6) | |
| 39 30 0 | Fjöldi tryggðra ökutækja við lok bókhaldsárs sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar eftirtalda undirflokka vöruflokkunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA): 66.03.2 | (2, 6) | Valkvætt |
| 39 40 0 | Verg tryggingarfjárhæð við lok bókhaldsárs, sem tengist frumtryggingastarfsemi að því er varðar eftirtalda undirflokka vöruflokkunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA): 66.01.1 og 66.01.4. | (1, 5) | Valkvætt |
| 39 50 0 | Fjöldi tjóna á bókhaldsárinu sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar eftirtalinn undirflokk í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum: 66.03.2 | (2, 6) | Valkvætt |

5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar árleg samantekt hagskýrslna fer fram.

6. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

Sundurliða ber þessar niðurstöður í samræmi við fjögurra tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (atvinnugreinar).

7. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

Niðurstöðurnar verða afhentar innan 12 mánaða frá upphafi loka viðmiðunarárs fyrir fyrirtækin sem vísað er til í 3. þætti, fyrir utan sérhæfð endurtryggingafyrirtæki sem fá niðurstöðurnar afhentar innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins.

8. ÞÁTTUR

**Nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum**

Framkvæmdastjórnin mun tilkynna nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum, sem var stofnuð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB ([18]), um framkvæmd þessarar einingar og allar slíkar ráðstafanir til að leiðrétta efnahagslega og tæknilega þróun varðandi söfnun og tölfræðilega úrvinnslu gagna og vinnslu og afhendingu niðurstaðna, sem hún samþykkir í samræmi við 12. grein.

9. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Eigi má veita umbreytingartímabil.

---

([18]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 34.

*VI. VIÐAUKI*

**SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG LÁNASTOFNANA**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að koma á fót sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu lánastofnanageirans. Í þessari einingu er ítarleg skrá yfir þau könnunaratriði sem taka á saman hagskýrslur um til að auka þekkingu á þróun lánastofnanageirans í aðildarríkjunum, í Bandalaginu og á alþjóðavettvangi.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslurnar sem taka á saman munu varða sviðin sem um getur í a-, b- og c-lið 1. gr., einkum:

– sundurliðaða greiningu á skipulagi, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu lánastofnana,

– þróun og dreifingu heildarviðskipta og viðskipta með einstakar vörur, alþjóðlega starfsemi, atvinnumál, eigið fé og varasjóði og aðrar eignir og skuldir.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

1. Taka skal saman hagskýrslur um starfsemi lánastofnana sem fellur undir undirgreinar 64.19 og 64.92 í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.)

2. Taka skal saman hagskýrslur um starfsemi allra lánastofnana sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([19]), að seðlabönkum undanskildum.

3. Útibú lánastofnana, sem um getur í 38. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endurútgefin) ([20]), skulu meðhöndluð eins og lánastofnanirnar sem um getur í 2. mgr. ef starfsemi þeirra fellur undir undirgreinar 64.19 og 64.92 í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk).

4. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

Könnunaratriðin eru talin upp hér á eftir. Skáletruðu könnunaratriðin taka einnig til skránna í sameiginlegu einingunni sem er skilgreind í I. viðauka. Uppgjörsárin, sem enda innan viðmiðunarársins við fyrrnefnt viðmiðunarár, samlagast þegar könnunaratriðin eru afleidd beint frá ársreikningunum.

Skráin tekur til:

a) könnunaratriða sem eru gefin upp í 4. gr. tilskipunar 86/635/EBE: eignahluti efnahagsreiknings: liður 4, skuldahluti efnahagsreiknings: liðir 2(a)+2(b) sem samtala, liðir 7 + 8+9 + 10 + 11 + 12 +13 +14 sem samtala,

b) könnunaratriða sem eru gefin upp í 27. gr. tilskipunar 86/635/EBE: liður 2, liðir 3(a)+3(b)+3(c) sem samtala, liður 3(a), liður 4, liður 5, liður 6, liður 7, liðir 8(a)+8(b) sem samtala, liður 8(b), liður 10, liðir 11 + 12 sem samtala, liðir 9 + 13 + 14 sem samtala, liðir 15 + 16 sem samtala, liður 19, liðir 15 + 20 + 22 sem samtala, liður 23,

([19]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/46/EB.
([20]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2007/44/EB.

c) og einnig eftirfarandi könnunaratriða:

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar | |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* | |
| 11 11 1 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir réttarstöðu | |
| 11 11 4 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir aðsetri móðurfyrirtækis | |
| 11 11 6 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærðarflokkum niðurstöðutölu efnahagsreiknings | |
| 11 11 7 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir flokkum lánastofnana | |
| *11 21 0* | *Fjöldi starfsstöðva* | |
| 11 41 1 | Heildarfjöldi útibúa, sundurliðuð eftir staðsetningu í löndum utan EES | |
| 11 51 0 | Heildarfjöldi fjárhagslegra dótturfyrirtækja, sundurliðuð eftir staðsetningu í öðrum löndum | |
| | Bókhaldsgögn: rekstrarreikningur | |
| 42 11 0 | Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur | |
| 42 11 1 | Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur af verðbréfum með fastri ávöxtun | |
| 42 12 1 | Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld í tengslum við skuldabréfaútgáfu | |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* | |
| *13 11 0* | *Heildarkaup á vörum og þjónustu* | |
| *13 31 0* | *Starfsmannakostnaður* | |
| 12 14 0 | Vinnsluvirði á grunnverði | Valkvætt |
| *12 15 0* | *Vinnsluvirði á þáttaverði* | |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* | |
| | Bókhaldsgögn: efnahagsreikningur | |
| 43 30 0 | Niðurstöðutala efnahagsreiknings (CI) | |
| 43 31 0 | Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðuð eftir landi þar sem móðurfyrirtækið hefur aðsetur | |
| 43 32 0 | Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðuð eftir réttarstöðu | |
| | Gögn sundurliðuð eftir vöru | |
| 44 11 0 | Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) | Valkvætt |
| 44 12 0 | Vaxtagjöld og hliðstæðar tekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) | Valkvætt |
| 44 13 0 | Þóknunartekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) | Valkvætt |
| 44 14 0 | Þóknunargjöld, sundurliðuð eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) | Valkvætt |
| | Gögn um innri markaðinn og alþjóðavæðingu | |
| 45 11 0 | Landfræðileg sundurliðun á heildarfjölda útibúa innan EES | |
| 45 21 0 | Landfræðileg sundurliðun á vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum | |
| 45 22 0 | Landfræðileg sundurliðun á niðurstöðutölu efnahagsreiknings | |
| 45 31 0 | Landfræðileg sundurliðun á vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við réttinn til að veita þjónustu (í öðrum EES-löndum) | Valkvætt |
| 45 41 0 | Landfræðileg sundurliðun á vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við starfsemi útibúa (í löndum utan EES) | Valkvætt |
| 45 42 0 | Landfræðileg sundurliðun á vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við réttinn um frelsi til að veita þjónustu (í löndum utan EES) | Valkvætt |

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* | |
| 16 11 1 | Fjöldi launaðra starfsmanna, sundurliðað eftir flokkum lánastofnana | |
| 16 11 2 | Fjöldi kvenna meðal starfsmanna | |
| *16 13 0* | *Fjöldi launþega* | |
| 16 13 6 | Fjöldi kvenkynsstarfsmanna | |
| *16 14 0* | *Fjöldi launþega í heilum stöðugildum* | |
| | Aðrar upplýsingar | |
| 47 11 0 | Fjöldi reikninga, sundurliðaðir eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) | Valkvætt |
| 47 12 0 | Fjöldi lána og fyrirframgreiðslna til viðskiptavina, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) | Valkvætt |
| 47 13 0 | Fjöldi hraðbanka (e. *ATM*) í eigu lánastofnana | |

d) könnunaratriði sem árlega ber að taka saman svæðishagskýrslur um:

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar | |
| *11 21 0* | *Fjöldi starfsstöðva* | |
| | Bókhaldsgögn | |
| *13 32 0* | *Laun* | Valkvætt |
| | Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* | |

5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar árlegar hagskýrslur eru teknar saman um könnunaratriðin sem skráð eru í 4. þætti.

6. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

1. Sundurliða á niðurstöður í samræmi við eftirfarandi undirgreinar atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.): 64.19 og 64.92, aðskilið.

2. Sundurliða ber niðurstöður svæðishagskýrslna í samræmi við tveggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (atvinnugreinar) og 1. stig hagskýrslusvæðaflokkunarinnar (NUTS).

7. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

Afhendingarfrestur niðurstaðnanna verður ákveðinn í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr. og verður ekki lengri en 10 mánuðir frá lokum viðmiðunarársins.

8. ÞÁTTUR

**Hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð**

Framkvæmdastjórnin tilkynnir hagskýrslunefndinni um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2006/856/EB ([21]), um framkvæmd þessarar einingar og allar ráðstafanir vegna aðlögunar að efnahagslegri og tæknilegri þróun að því er varðar söfnun og tölfræðilega úrvinnslu gagna og úrvinnslu og afhendingu niðurstaðna.

9. ÞÁTTUR

**Forkannanir**

1. Framkvæmdastjórnin lætur fara fram eftirfarandi forkannanir, sem aðildarríkjunum ber að annast, að því er varðar starfsemi sem fellur undir þennan viðauka:

   a) gögn um afleiður og liði utan efnahagsreiknings,

   b) gögn um dreifingarkerfi,

   c) gögn sem eru nauðsynleg við sundurliðun á viðskiptum lánastofnana eftir verði og magni.

2. Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hversu mikilvægt og hagkvæmt er að útvega gögn, að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu borið saman við kostnaðinn við að afla þeirra og byrðina á fyrirtæki.

10. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Eigi má veita umbreytingartímabil.

---

([21]) Stjtíð. ESB L 332, 30.11.2006, bls. 21.

*VII. VIÐAUKI*

**SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG LÍFEYRISSJÓÐA**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að koma á fót sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu lífeyrissjóðageirans. Í þessari einingu er ítarleg skrá yfir könnunaratriðin sem taka á saman hagskýrslur um til að auka þekkingu á þróun lífeyrissjóðageirans í aðildarríkjunum, í Bandalaginu og á alþjóðavettvangi.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslurnar sem teknar verða saman munu varða sviðin sem um getur í a-, b- og c-lið 1. gr., einkum:

– sundurliðaða greiningu á skipulagi, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu lífeyrissjóða,

– þróun og dreifingu heildarviðskipta, félagsaðilamynstur lífeyrissjóða, alþjóðlega starfsemi, starfsmenn, fjárfestingar og skuldir.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

1. Taka ber saman hagskýrslur um alla starfsemi sem fellur undir flokk 65.3 í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.). Starfsemi sjálfstæðra lífeyrissjóða fellur undir þennan flokk.

2. Taka ber saman tilteknar hagskýrslur um fyrirtæki sem reka lífeyrissjóði sem eru ekki sjálfstæðir og eru reknir sem viðbótarstarfsemi.

4. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

1. Í eftirfarandi skrám yfir könnunaratriði er tegund hagskýrslueiningarinnar, sem taka á saman hagskýrslur um, tilgreind þegar við á. Skáletruðu könnunaratriðin taka einnig til skránna í sameiginlegu einingunni sem er skilgreind í I. viðauka. Uppgjörsárin, sem enda innan viðmiðunarársins við fyrrnefnt viðmiðunarár, samlagast þegar könnunaratriðin eru afleidd beint frá ársreikningunum.

2. Lýðfræðilegar breytur og fyrirtækjabreytur sem taka skal saman árlegar hagskýrslur um (einungis fyrir fyrirtæki með sjálfstæða lífeyrissjóði)

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar | |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* | |
| 11 11 8 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærð fjárfestinga | |
| 11 11 9 | Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærðarflokkum félagsaðila | |
| 11 61 0 | Fjöldi lífeyriskerfa | Valkvætt |
| | Bókhaldsgögn: rekstrarreikningur (tekjur og útgjöld) | |
| *12 11 0* | *Velta* | |

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| 48 00 1 | Lífeyrisiðgjöld frá félagsaðilum | |
| 48 00 2 | Lífeyrisiðgjöld frá vinnuveitendum | |
| 48 00 3 | Flutt réttindi í sjóðinn | |
| 48 00 4 | Önnur lífeyrisiðgjöld | |
| 48 00 5 | Lífeyrisiðgjöld til kerfa með fyrirfram skilgreind réttindi | |
| 48 00 6 | Lífeyrisiðgjöld til kerfa þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn | |
| 48 00 7 | Lífeyrisiðgjöld til blandaðra kerfa | |
| 48 01 0 | Fjárfestingartekjur (e. PF) | |
| 48 01 1 | Söluhagnaður og -tap | |
| 48 02 1 | Óinnheimtar vátryggingakröfur | |
| 48 02 2 | Aðrar tekjur (e. PF) | |
| *12 12 0* | *Framleiðsluverðmæti* | |
| 12 14 0 | Vinnsluvirði á grunnverði | Valkvætt |
| *12 15 0* | *Vinnsluvirði á þáttaverði* | |
| 48 03 0 | Heildarútgjöld vegna lífeyris | |
| 48 03 1 | Reglubundnar lífeyrisgreiðslur | |
| 48 03 2 | Eingreiðslur lífeyris | |
| 48 03 3 | Flutt réttindi úr sjóði | |
| 48 04 0 | Hrein breyting á vátryggingaskuld (varasjóðir) | |
| 48 05 0 | Ógreidd vátryggingaiðgjöld | |
| 48 06 0 | Heildarrekstrarkostnaður | |
| *13 11 0* | *Heildarkaup á vörum og þjónustu* | |
| *13 31 0* | *Starfsmannakostnaður* | |
| *15 11 0* | *Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum* | |
| 48 07 0 | Allir skattar | |
| | Upplýsingar í efnahagsreikningi: eignir | |
| 48 11 0 | Lóðir og húseignir (e. PF) | |
| 48 12 0 | Fjárfestingar í eignatengdum fyrirtækjum og eignarhlutum (e. PF) | |
| 48 13 0 | Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | |
| 48 13 1 | Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði | |
| 48 13 2 | Hlutabréf sem viðskipti hafa verið stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki | |
| 48 13 3 | Hlutabréf sem ekki eru stunduð opinber viðskipti með | |
| 48 13 4 | Önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun | |
| 48 14 0 | Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum | |
| 48 15 0 | Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun | |
| 48 15 1 | Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun sem opinber stofnun gefur út | Valkvætt |
| 48 15 2 | Önnur skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun | Valkvætt |
| 48 16 0 | Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (e. PF) | |
| 48 17 0 | Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar | |
| 48 18 0 | Aðrar fjárfestingar | |
| 48 10 0 | Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða | |
| 48 10 1 | Heildarfjárfestingar í „fjármögnunarfyrirtækinu“ | |

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| 48 10 4 | Heildarfjárfestingar á markaðsverði | |
| 48 20 0 | Aðrar eignir | |
| | Upplýsingar í efnahagsreikningi: skuldir | |
| 48 30 0 | Eigið fé og varasjóðir | |
| 48 40 0 | Hrein vátryggingaskuld alls (e. PF) | |
| 48 50 0 | Aðrar skuldir | |
| | Gögn um innri markaðinn og alþjóðavæðingu | |
| 48 61 0 | Landfræðileg sundurliðun á veltu | |
| 48 62 0 | Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun, sundurliðuð eftir staðsetningu | Valkvætt |
| 48 63 0 | Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar eftir staðsetningu | Valkvætt |
| 48 64 0 | Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar í hluta í evrum og hluta sem eru ekki í evrum | |
| | Gögn um starfsmannahald | |
| *16 11 0* | *Fjöldi starfsmanna* | |
| | Aðrar upplýsingar | |
| 48 70 0 | Fjöldi félagsaðila | |
| 48 70 1 | Fjöldi félagsaðila að kerfum með fyrirfram skilgreind réttindi | |
| 48 70 2 | Fjöldi félagsaðila að kerfum ákvarðaðra iðgjalda | |
| 48 70 3 | Fjöldi félagsaðila að blönduðum kerfum | |
| 48 70 4 | Fjöldi virkra félagsaðila | |
| 48 70 5 | Fjöldi félagsaðila sem eiga geymd réttindi | |
| 48 70 6 | Fjöldi starfsmanna á eftirlaunum | |

3. Könnunaratriði fyrirtækja sem taka skal saman hagskýrslur um (einungis fyrir fyrirtæki með lífeyrissjóði sem ekki eru sjálfstæðir):

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar | |
| 11 15 0 | Fjöldi fyrirtækja með lífeyrissjóði sem eru ekki sjálfstæðir | |
| | Bókhaldsgögn: rekstrarreikningur (tekjur og útgjöld) | |
| 48 08 0 | Velta lífeyrissjóða sem eru ekki sjálfstæðir | Valkvætt |

5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar árlegar hagskýrslur eru teknar saman um könnunaratriðin sem skráð eru í 4. þætti.

6. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

1. Sundurliða skal niðurstöður könnunaratriðanna, sem skráðar eru í 2. mgr. 4. þáttar, í samræmi við fjögurra stafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (atvinnugrein).

2. Sundurliða skal niðurstöður könnunaratriðanna, sem skráðar eru í 3. mgr. 4. þáttar, í samræmi við fjögurra stafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.)

7. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

Afhenda á niðurstöðurnar eigi síðar en 12 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.

8. ÞÁTTUR

**Nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum**

Framkvæmdastjórnin mun tilkynna nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum um framkvæmd þessarar einingar og allar ráðstafanir vegna aðlögunar að efnahagslegri og tæknilegri þróun að því er varðar söfnun og tölfræðilega úrvinnslu gagna og úrvinnslu og afhendingu niðurstaðna.

9. ÞÁTTUR

**Forkannanir**

Framkvæmdastjórnin lætur fara fram eftirfarandi forkannanir, sem aðildarríkjunum ber að annast, að því er varðar starfsemi sem fellur undir þennan viðauka:

1. Ítarlegri upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóða yfir landamæri:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar |
| 11 71 0 | Fjöldi fyrirtækja með félagsaðila í öðrum EES-löndum |
| 11 72 0 | Fjöldi fyrirtækja með virka félagsaðila í öðrum EES-löndum |
| | Gögn um innri markað og alþjóðavæðingu |
| 48 65 0 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila eftir kyni |
| 48 65 1 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila eftir aðild að kerfum ákvarðaðra réttinda |
| 48 65 2 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila eftir aðild að kerfum ákvarðaðra iðgjalda |
| 48 65 3 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila eftir aðild að breytilegum kerfum |
| 48 65 4 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda virkra félagsaðila |
| 48 65 5 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila sem eiga geymd réttindi |
| 48 65 6 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda starfsmanna á eftirlaunum |
| 48 65 7 | Landfræðileg sundurliðun á lífeyrisþegum sem fá maka- og barnalífeyri |
| | Aðrar upplýsingar |
| 48 70 7 | Fjöldi kvenkyns félagsaðila |

2. Frekari upplýsingar um lífeyrissjóði sem ekki eru sjálfstæðir

| Kóði | Titill |
|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar |
| 11 15 1 | Fjöldi fyrirtækja sem hafa lífeyrissjóði sem ekki eru sjálfstæðir, sundurliðaður eftir stærðarflokkum félagsaðila |
| | Upplýsingar í efnahagsreikningi: skuldir |
| 48 40 1 | Hrein vátryggingaskuld lífeyrissjóða sem ekki eru sjálfstæðir |
| | Aðrar upplýsingar |
| 48 72 0 | Fjöldi félagsaðila að lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir |
| | Gögn um innri markað og alþjóðavæðingu |
| 48 66 1 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda virkra félagsaðila að lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir |

| Kóði | Titill |
|---|---|
| 48 66 2 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila sem eiga geymd réttindi í lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir |
| 48 66 3 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda lífeyrisþega sem fá eftirlaun úr lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir |
| 48 66 4 | Landfræðileg sundurliðun á fjölda lífeyrisþega sem fá maka- og barnalífeyri úr lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir |
| Bókhaldsgögn: rekstrarreikningur (tekjur og útgjöld) | |
| 48 09 0 | Lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða sem ekki eru sjálfstæðir |

3. Gögn um afleiður og liði utan efnahagsreiknings.

Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hversu mikilvægt og hagkvæmt er að útvega gögn, að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu borið saman við kostnaðinn við að safna þeim og byrðina á fyrirtæki.

10. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Eigi má veita umbreytingartímabil.

*VIII. VIÐAUKI*

**SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG VIÐSKIPTAÞJÓNUSTU**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að koma á fót sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu viðskiptaþjónustugeirans.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslur sem teknar verða saman munu tengjast sviðum sem um getur í a- til d- og f-lið 1. gr., sérstaklega skrá yfir könnunaratriði vegna nákvæmrar greiningar á skipulagi, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu viðskiptaþjónustu.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

Taka skal saman hagskýrslur um alla starfsemi sem 62., 69., 71., 73. og 78. deild og flokkar 58.2, 63.1 og 70.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) ná yfir. Svið þessi ná yfir hluta útgáfustarfsemi, starfsemi við þjónustu á sviði upplýsingatækni, hluta af starfsemi við upplýsingaþjónustu og faglega, vísindalega og tæknilega starfsemi og atvinnustarfsemi. Hagskýrslur í þessari einingu vísa til þýðis allra fyrirtækja með 20 eða fleiri starfsmenn, þegar aðalstarfsemi þeirra flokkast í ofangreindar deildir og flokka. Framkvæmdastjórnin getur, í fyrsta lagi 2011, hafið könnun á nauðsyn og hagkvæmni breytinga á lægri mörkum viðmiðunarþýðisins. Á grundvelli þessarar rannsóknar ber að samþykkja ráðstafanir sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

4. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

1. Skráin yfir könnunaratriði og hagskýrslur sem sett er fram hér á eftir gefur til kynna hagtölur sem á að taka saman með árlegri endurskoðun eða annað hvert ár. Skáletruðu hagskýrslurnar og könnunaratriðin eru einnig færðar í skrár í sameiginlegu einingunni sem er skilgreind í I. viðauka.

2. Könnunaratriði sem taka á saman árlegar hagskýrslur fyrir að því er varðar fyrirtæki í deildum 62 og 78 og flokkum 58.2, 63.1 og 73.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar | |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* | |
| | Sundurliðun veltu eftir vörutegundum | |
| *12 11 0* | Sundurliðun *veltu* eftir vörum (samkvæmt vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)) | Ákvarðað verður um sundurliðun vara í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun eins og um getur í 3. mgr. 12. gr. |

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Upplýsingar um búsetu viðskiptavinar | |
| *12 11 0* | *Velta* eftir búsetu viðskiptavinar, einkum:<br>Heimilisfastur einstaklingur<br>Ekki heimilisfastur einstaklingur, þar af<br>– Innan ESB<br>– Utan ESB | |

3. Könnunaratriði sem taka á saman hagskýrslur fyrir til tveggja ára að því er varðar fyrirtæki í flokkum 69.1, 69.2, 70.2, 71.1, 71.2 og 73.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

| Kóði | Titill | Athugasemd |
|---|---|---|
| | Skipulagsupplýsingar | |
| *11 11 0* | *Fjöldi fyrirtækja* | |
| | Sundurliðun veltu eftir vörutegundum | |
| *12 11 0* | Sundurliðun veltu eftir vörum (samkvæmt vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)) | Ákvarðað verður um sundurliðun vara í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun eins og um getur í 3. mgr. 12. gr. |
| | Upplýsingar um búsetu viðskiptavinar | |
| *12 11 0* | *Velta* eftir búsetu viðskiptavinar, einkum:<br>Heimilisfastur einstaklingur<br>Ekki heimilisfastur einstaklingur, þar af<br>– Innan ESB<br>– Utan ESB | |

5. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Árið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið sem taka á saman árlegar hagtölur um að því er varðar starfsemi sem nær yfir deildir 62 og 78 og flokka 58.2, 63.1 og 73.1 atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og sem taka á saman hagtölur um fyrir annað hvert ár, skv. flokkum 69.1, 69.2 og 70.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.). Árið 2009 er fyrsta viðmiðunarárið sem taka á saman hagtölur um fyrir annað hvert ár að því er varðar starfsemi sem nær yfir flokka 71.1, 71.2 og 73.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.)

6. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

1. Aðildarríki eiga að afhenda hlutalandsniðurstöður sundurliðaðar í deildir 62 og 78 og flokka 58.2, 63.1, 69.1, 69.2, 70.2, 71.1, 71.2, 73.1 og 73.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) til að unnt verði að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

2. Einnig þarf að sundurliða veltuniðurstöður eftir vörum og búsetu viðskiptavinar fyrir deildir 62 og 78 og flokka 58.2, 63.1, 69.1, 69.2, 70.2, 71.1, 71.2, 73.1 og 73.2. í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 2).

7. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.

8. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Umbreytingartímabilið, að því er varðar sundurliðuðu eininguna sem er skilgreind í þessum viðauka, getur ekki vera lengra en þrjú ár að telja frá fyrstu viðmiðunarárunum sem eru gefin upp í 5. þætti fyrir samantekt hagskýrslna sem um getur í 4. þætti.

*IX. VIÐAUKI*

**SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG LÝÐFRÆÐI FYRIRTÆKJA**

1. ÞÁTTUR

**Markmið**

Markmiðið með þessum viðauka er að koma á sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um lýðfræði fyrirtækja.

2. ÞÁTTUR

**Gildissvið**

Hagskýrslur sem teknar verða saman munu tengjast sviðum sem um getur í a- til f-lið 1. gr., einkum skrá yfir könnunaratriði fyrir nákvæma greiningu þýðis starfandi fyrirtækja, stofnun nýrra fyrirtækja, niðurlagningu fyrirtækja og að nýstofnuð fyrirtæki séu enn í rekstri, og tengd áhrif á skipulag, starfsemi og þróun fyrirtækjaþýðis.

3. ÞÁTTUR

**Umfang**

1. Taka ber saman hagskýrslur fyrir starfsemina sem skráð er í 10. þætti.

2. Gera ber forkannanir um hagskýrslueiningarnar, starfsemina og lýðfræðilegu viðburðina sem skráðir eru í 12. þætti.

4. ÞÁTTUR

**Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir:

– „viðmiðunartímabil“: árið þegar kannað er þýði starfandi fyrirtækja, nýlega stofnaðra fyrirtækja, niðurlagðra fyrirtækja og fyrirtækja sem eru enn í rekstri. Það er nefnt „t“ í 5. þætti.

5. ÞÁTTUR

**Könnunaratriði**

1. Taka ber saman árlegar lýðfræðilegar hagtölur, þar sem fyrirtæki eruð notuð sem hagskýrslueiningar, fyrir eftirfarandi könnunaratriði:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Skipulagsupplýsingar | |
| 11 91 0 | Þýði starfandi fyrirtækja í t |
| 11 92 0 | Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t |
| 11 93 0 | Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja í t |
| 11 94 1 | Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t |
| 11 94 2 | Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t |
| 11 94 3 | Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t |
| 11 94 4 | Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t |
| 11 94 5 | Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t |

2. Taka þarf saman árlegar hagskýrslur fyrir könnunaratriði fyrirtækja vegna þýðis starfandi fyrirtækja, nýlega stofnaðra fyrirtækja, niðurlagðra fyrirtækja og fyrirtækja sem eru enn í rekstri:

| Kóði | Titill |
|---|---|
| Gögn um starfsmannahald | |
| 16 91 0 | Fjöldi starfsmanna í þýði starfandi fyrirtækja í t |
| 16 91 1 | Fjöldi launþega í þýði starfandi fyrirtækja í t |
| 16 92 0 | Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t |
| 16 92 1 | Fjöldi launþega í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t |
| 16 93 0 | Fjöldi starfsmanna í þýði niðurlagðra fyrirtækja í t |
| 16 93 1 | Fjöldi launþega í þýði niðurlagðra fyrirtækja í t |
| 16 94 1 | Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 94 2 | Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 94 3 | Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 94 4 | Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 94 5 | Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 95 1 | Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 95 2 | Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 95 3 | Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 95 4 | Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t |
| 16 95 5 | Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t |

6. ÞÁTTUR

**Fyrsta viðmiðunarár**

Fyrsta viðmiðunarárið, þegar árleg samantekt hagskýrslna fer fram, er eftirfarandi:

| Almanaksár | Kóði |
|---|---|
| 2004 | 11 91 0, 11 92 0, 11 93 0, 16 91 0, 16 91 1, 16 92 0, 16 92 1, 16 93 0 og 16 93 1 |
| 2005 | 11 94 1, 16 94 1 og 16 95 1 |
| 2006 | 11 94 2, 16 94 2 og 16 95 2 |
| 2007 | 11 94 3, 16 94 3 og 16 95 3 |
| 2008 | 11 94 4, 16 94 4 og 16 95 4 |
| 2009 | 11 94 5, 16 94 5 og 16 95 5 |

7. ÞÁTTUR

**Skýrsla um gæði hagskýrslna**

Aðildarríkin munu leggja fram gæðaskýrslur sem munu gefa ábendingar um samanburðarhæfi könnunaratriða 11 91 0 og 16 91 0 við könnunaratriði 11 11 0 og 16 11 0 í I. viðauka og ef nauðsyn krefur að farið sé að ákvæðum afhentra gagna með sömu aðferðafræði og mælt var fyrir um í tilmælahandbókinni sem um getur í 11. þætti.

8. ÞÁTTUR

**Frágangur niðurstaðna**

1. Sundurliða ber niðurstöðurnar að því marki þar sem talin er upp starfsemin sem skráð er í 10. þætti.

2. Einnig skal sundurliða tilteknar niðurstöður, sem þarf að ákvarða í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr., í stærðarflokka á upplýsingastig sem eru skráð í 10. þætti, fyrir utan þætti L, M og N í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) þar sem sundurliðunar er einungis þörf á flokkastigi.

3. Einnig skal sundurliða tilteknar niðurstöður, sem þarf að ákvarða í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr., í samræmi við lagalegt form á upplýsingastig sem eru skráð í 10. þætti, fyrir utan þætti L, M og N í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) þar sem sundurliðunar er einungis þörf á flokkastigi.

9. ÞÁTTUR

**Afhending niðurstaðna**

Afhenda ber bráðabirgðaniðurstöður um könnunaratriði sem tengjast niðurlögn fyrirtækja (11 93 0, 16 93 0 og 16 93 1) innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins. Afhenda ber endurskoðaðar niðurstöður fyrir þessi könnunaratriði innan 30 mánaða frá sama viðmiðunartímabili, að lokinni staðfestingu á niðurlögn fyrirtækja eftir tveggja ára aðgerðaleysi. Afhenda ber allar aðrar niðurstöður innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.

Afhenda skal niðurstöður fyrir viðmiðunarárin fyrir 2008 sex mánuðum eftir árslok 2008, með undantekningu vegna endurskoðaðra niðurstaða fyrir niðurlögð fyrirtæki (11 93 0, 16 93 0 og 16 93 1) fyrir viðmiðunarárið 2007, sem skal afhenda 18 mánuðum eftir árslok 2008.

10. ÞÁTTUR

**Sundurliðun starfsemi**

1. Eftirfarandi er gefið upp fyrir gögn viðmiðunaráranna 2004–2007, að meðtaldri eftirfarandi sundurliðun sem vísar í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1. endursk.):

   ***Bálkur C***

   *Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu*

   Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

   ***Bálkur D***

   *Framleiðsla*

   Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

   ***Bálkar E og F***

   *Rafmagns-, gas- og vatnsveitur og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð*

   Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

   ***Bálkur G***

   *Heildverslun og smásöluverslun; viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum og vörum til einkanota og heimilisnota*

   Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður í fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1.endursk.) G-kóða 50, 51, 52, 52.1, 52.2, 52.3 + 52.4 + 52.5, 52.6 og 52.7 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkur H***

*Rekstur gististaða og veitingarekstur*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður í fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1.endursk.) kóða 55, 55.1 + 55.2 og 55.3 + 55.4 + 55.5 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkur I***

*Flutningar, geymsla og samskiptatækni*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður í fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1.endursk.) I-kóða 60, 61, 62, 63, 64, 64.1 og 64.2 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkur J***

*Fjármálaþjónusta*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir deildum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkur K***

*Sala og rekstur fasteigna*

Undirgrein 74.15 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 1.1) er undanskilin frá gildissviði þessa viðauka. Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir undirgreinastigi atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

2. Gögn viðmiðunarársins 2008 og framvegis verða lögð fram með eftirfarandi sundurliðun á starfsemi sem um getur í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

***Bálkur B***

*Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkur C***

*Framleiðsla*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2.endursk.) C-kóða 10 + 11 + 12, 13 + 14, 15, 16, 17 + 18, 19, 20 + 21, 22, 23, 24 + 25, 26 + 27, 28, 29 + 30, 31 + 32 og 33 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkar D, E og F***

*Rafmagns-, gas- og gufuveitur, loftræstikerfi, vatnsveita, fráveitukerfi, meðhöndlun úrgangs og afmengunarstarfsemi, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkur G***

*Heildverslun og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður í fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) G-kóða 45, 46, 47, 47.1, 47.2, 47.3, 47.4 + 47.5 + 47.6 + 47.7 og 48.8 + 48.9 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkar H og I***

*Flutningar og geymsla, rekstur gististaða og veitingarekstur*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir deildum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkur J***

*Upplýsingar og fjarskipti*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir deildum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) og nánar niður á flokkaþrep (NACE, 2. endursk.) í 62. deild til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkur K***

*Fjármála- og vátryggingastarfsemi*

Flokkur 64.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 2) er undanskilin frá gildissviði þessa viðauka. Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir deildum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

***Bálkar L, M og N***

*Fasteignaviðskipti, sérfræði-, vísinda- og tækniþjónusta, stjórnunar- og stuðningsþjónustustarfsemi*

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir flokkum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

**Sértækar samtölur**

Fjöldi sérstakra samtalna í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) verða afhentar til að gera mögulegt að taka saman hagskýrslur Bandalagsins um lýðfræði fyrirtækja fyrir upplýsinga- og fjarskiptatæknigeirann. Ákvarðað verður um sundurliðun þessara samtalna í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.

3. Einnig verða lögð fram gögn um fyrirtæki sem voru nýstofnuð 2004, 2005, 2006 og 2007 í samræmi við sundurliðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) eins og hún er skilgreind í 2. mgr. þessa þáttar. Þetta samanstendur af könnunaratriðum 11 92 0, 16 92 0 og 16 92 1 fyrir ofangreind viðmiðunarár. Niðurstöður þessar á að leggja fram ásamt gögnum fyrir viðmiðunarárið 2008.

11. ÞÁTTUR

**Tilmælahandbók**

Framkvæmdastjórnin gefur út tilmælahandbók í náinni samvinnu við aðildarríkin og mun hún innihalda viðbótarleiðbeiningar varðandi hagskýrslur Bandalagsins sem voru gerðar samkvæmt þessum viðauka. Tilmælahandbókin verður gefin út þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

12. ÞÁTTUR

**Forkannanir**

Framkvæmdastjórnin lætur fara fram eftirfarandi forkannanir, sem aðildarríkjunum ber að annast, að því er varðar starfsemi sem fellur undir þennan viðauka:

– vinnsla gagna með starfsstöð sem hagskýrslueiningu,

– vinnsla gagna um lýðfræðilega viðburði, aðra en stofnun fyrirtækja, fyrirtæki sem enn eru í rekstri, niðurlagningu fyrirtækja, og

– vinnsla gagna um bálka P, Q, R og S atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.)

Framkvæmdastjórnin mun leggja fram tillögu, í samræmi við tilhögunina sem var ákveðin í 251. gr. sáttmálans og á grunni mats forkannana varðandi starfsemi utan markaða í bálkum M til O atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE endursk. 1.1), ef hún telur nauðsynlegt að víkka út núverandi gildissvið þessarar reglugerðar.

13. ÞÁTTUR

**Umbreytingartímabil**

Umbreytingartímabilið, að því er varðar sundurliðuðu eininguna sem er skilgreind í þessum viðauka, getur ekki vera lengra en fjögur ár að telja frá fyrstu viðmiðunarárunum fyrir samantekt hagskýrslna sem um getur í 6. þætti.

*X. VIÐAUKI*

**NIÐURFELLD REGLUGERÐ OG SÍÐARI BREYTINGAR**

Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 (Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1).

Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 410/98 (Stjtíð. EB L 52, 21.2.1998, bls. 1).

Ákvæði 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1614/2002 (Stjtíð. EB L 244, 12.9.2002, bls. 7).

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2056/2002 (Stjtíð. EB L 317, 21.11.2002, bls. 1).

Ákvæði 69. liðar í III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

Ákvæði 11. og 20. gr. í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

*XI. VIÐAUKI*

**SAMSVÖRUNARTAFLA**

| Reglugerð (EBE, KBE) nr. 58/97 | Þessi reglugerð |
|---|---|
| 1. gr. | 1. gr. |
| 2. gr. | 1. gr. |
| 3. gr. | 2. gr. |
| 1. mgr. 4. gr. | 1. mgr. 3. gr. |
| 2. mgr. 4. gr. | 3. mgr. 3. gr. |
| 5. gr. | 2. mgr. 3. gr. |
| — | 4. mgr. 3. gr. |
| — | 4. gr. |
| 6. gr. | 5. gr. |
| 7. gr. | 6. gr. |
| 8. gr. | 7. gr. |
| 9. gr. | 1. og 2. mgr. 8. gr. |
| — | 3. mgr. 8. gr. |
| 10. gr. | 9. gr. |
| 11. gr. | 10. gr. |
| i til x. mgr. 12. gr. | 1. mgr. 11. gr. |
| — | 2. mgr. 11. gr. |
| 13. gr. | 12. gr. |
| 14. gr. | 13. gr. |
| 15. gr. | — |
| — | 14. gr. |
| 16. gr. | 15. gr. |
| 1.–9. þættir 1. viðauka | 1.–9. þættir I. viðauka |
| 1. og 2. liður 10. þáttar 1. viðauka | 1. og 2. liður 10. þáttar I. viðauka með úrfellingum |
| 3. og 4. liður 10. þáttar 1. viðauka | — |
| 11. þáttur 1. viðauka. | 11. þáttur I. viðauka. |
| 2. viðauki. | II. viðauki |
| 1.–8. þættir 3. viðauka | 1.–8. þættir III. viðauka |
| 9. þáttur 3. viðauka | — |
| 10. þáttur 3. viðauka | 9. þáttur III. viðauka |
| 4.–8. þættir 4. viðauka | 1.–8. þættir IV. viðauka |
| 9. þáttur 4. viðauka | — |
| 10. þáttur 4. viðauka | 9. þáttur IV. viðauka |
| — | V. viðauki |
| — | VI. viðauki |
| — | VII. viðauki |
| — | VIII. viðauki |
| — | IX. viðauki |
| — | X. viðauki |
| — | XI. viðauki |